

16. september 2013



Rannsókn á afdrifum og viðhorfum ungmenna
sem fengið hafa þjónustu Atvinnutorga

Nemendur:

Berglind Hauksdóttir

Guðlaug Friðgeirsdóttir

Ragnheiður Viðarsdóttir

Umsjónarmaður:

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir

Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar er tvíþætt. Annars vegar að bera saman verklag Atvinnutorga í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og á Suðurnesjum. Hins vegar er markmiðið að kanna afdrif þeirra ungmenna sem nýttu sér úrræði Atvinnutorga árið 2012 og fá viðhorf þeirra til þjónustunnar. Þátttakendur í fyrri hluta rannsóknarinnar voru sex atvinnuráðgjafar, þrír á Atvinnutorgi í Reykjavík og einn á Atvinnutorgum í Kópavogi, Hafnarfirði og á Suðurnesjum. Viðtöl voru tekin við þá til að afla upplýsinga um verklag á hverju torgi. Þátttakendur í seinni hluta rannsóknarinnar voru 228 notendur Atvinnutorga árið 2012. Tekin voru símaviðtöl við þá til þess að afla upplýsinga um afdrif og viðhorf. Niðurstöður leiddu í ljós að Atvinnutorgin fjögur starfa eftir skráðum verklagsreglum en verklag er þó nokkuð ólíkt milli torga. Flestir þátttakendur voru í vinnu eða í námi þegar rannsóknin var gerð. Einnig sýndu niðurstöður að þátttakendur voru almennt ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu á Atvinnutorgum sem og ráðgjafa.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	1
Inngangur.....	6
Velferð á Íslandi.....	6
Atvinnuleysi.....	8
Atvinnutorg.....	10
Markmið rannsóknarinnar.....	13
Aðferð.....	14
Þátttakendur.....	14
Mælitæki.....	15
Framkvæmd.....	16
Tölfræðileg úrvinnsla.....	17
Niðurstöður – Fyrri hluti.....	18
Atvinnutorg í Reykjavík.....	18
Atvinnutorg í Kópavogi.....	27
Atvinnutorg í Hafnarfirði.....	31
Atvinnutorg á Suðurnesjum.....	36
Tölulegar upplýsingar Atvinnutorga fyrir árið 2012.....	42
Niðurstöður – Seinni hluti.....	48
Lýsandi tölfræði.....	48
Ályktunartölfræði.....	69
Umræða.....	71
Fyrri hluti rannsóknar.....	71
Seinni hluti rannsóknar.....	74
Samantekt.....	77
Styrkleikar og takmarkanir rannsóknarinnar.....	81
Áframhaldandi rannsóknir á Atvinnutorgi.....	82
Heimildir.....	83
Viðauki 1.....	85
Viðauki 2.....	86
Viðauki 3.....	87
Viðauki 4.....	88

Viðauki 5	91
Viðauki 6	96
Viðauki 7	109

Töflu- og myndayfirlit

Fyrri hluti

Tafla 1. Heildarfjöldi notenda árið 2012 eftir Atvinnutorgum.....	42
Tafla 2. Heildarfjöldi notenda eftir kynjum og Atvinnutorgum.....	42
Tafla 3. Heildarfjöldi notenda eftir aldri og Atvinnutorgum.....	42
Tafla 4. Heildarfjöldi notenda eftir tilvísunaraðila og Atvinnutorgum.....	44
Tafla 5. Heildarfjöldi notenda sem hættu í verkefninu eftir Atvinnutorgum.....	45
Tafla 6. Mögulegar ástæður þess að hætt var í verkefninu eftir Atvinnutorgum.....	45
Tafla 7. Heildarfjöldi þeirra sem hafa hætt vegna ráðningar í starf á almennum vinnumarkaði eða farið í nám.....	46

Seinni hluti

1. Dreifing þátttakenda

Mynd 1. Dreifing þátttakenda.....	48
Tafla 8. Dreifing þátttakenda eftir Atvinnutorgum.....	49
Mynd 2. Kynjahlutfall svarenda.....	49
Tafla 9. Hlutfall svörunar eftir aldri.....	50

2. Bakgrunnur þátttakenda

Tafla 10. Menntun þátttakenda.....	50
Tafla 11. Búseta við skráningu á Atvinnutorg.....	51
Tafla 12. Hjúskaparstaða við skráningu á Atvinnutorg.....	51
Tafla 13. Fjöldi barna við skráningu á Atvinnutorg.....	51
Tafla 14. Tími án vinnu eða frá námi við skráningu á Atvinnutorg.....	52

3. Staða þátttakenda

Mynd 3. Staða þátttakenda.....	52
Tafla 15. Staða þátttakenda eftir torgum.....	53
Mynd 4. Hjálpaði Atvinnutorg við að komast í vinnu?.....	53
Mynd 5. Hjálpaði Atvinnutorg við að komast í skóla?.....	54
Tafla 16. Hvernig þátttakendur framfleyta sér í námi.....	54
Mynd 6. Skráð/ur óvinnufær.....	55
Mynd 7. Hvernig óvinnufærir framfleyta sér.....	55
Mynd 8. Hlutfall þeirra sem fóru í vinnustaðanám eða starfsþjálfun/tímabundna ráðningu á vegum Atvinnutorga.....	56
Mynd 9. Vinnustaðanám eða starfsþjálfun/tímabundin ráðning á vegum Atvinnutorgs.....	56
Tafla 17. Staða þátttakenda eftir kyni.....	57
Tafla 18. Staða þátttakenda eftir aldri.....	57

Tafla 19. Staða þátttakenda eftir hjúskaparstöðu.....	58
Tafla 20. Staða þátttakenda eftir fjölda barna.....	58
Tafla 21. Staða þátttakenda eftir búsetu.....	59
Tafla 22. Staða þátttakenda eftir starfsreynslu.....	59
Tafla 23. Staða þátttakenda eftir menntun.....	60
Tafla 24. Staða þátttakenda eftir því hve langur tími leið frá vinnu eða námi.....	60
4. Eftirfylgni	
Mynd 10. Eftirfylgni Atvinnuráðgjafa á meðan þátttakandi var í vinnustaðarnámi eða starfsþjálfun/tímabundinni ráðningu.....	61
Tafla 25. Eftirfylgni Atvinnuráðgjafa eftir torgum.....	62
5. Mat á þjónustu	
Mynd 11. Hversu ánægðir þátttakendur voru með þá þjónustu sem þeir fengu.....	63
Tafla 26. Hversu ánægðir þátttakendur voru með þá þjónustu sem þeir fengu skipt eftir torgum.....	63
Mynd 12. Ánægja með atvinnuráðgjafa.....	64
Tafla 27. Ánægja með atvinnuráðgjafa skipt eftir torgum.....	64
Mynd 13. Það sem þátttakendum fannst best við Atvinnutorg.....	65
Tafla 28. Það sem þátttakendum fannst best við Atvinnutorg skipt eftir torgum.....	66
Mynd 14. Það sem þátttakendum fannst að mætti betur fara.....	67
Tafla 29. Það sem þátttakendum fannst að mætti betur fara skipt eftir torgum.....	68
Mynd 15. Hlutfall um hvort þátttakendur myndu mæla með Atvinnutorgi við vini.....	68
Tafla 30. Hlutfall þeirra þátttakenda sem myndu mæla með Atvinnutorgi við vini skipt eftir Atvinnutorgum.....	69

Ein af megináherslum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er að sporna gegn langtímavanda og veita öflugan stuðning við notendur fjárhagsaðstoðar (Starfsáætlun Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, 2013). Samkvæmt starfsáætlun Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir árið 2013 ber að leita leiða til að þróa þjónustu við þá sem fá fjárhagsaðstoð og veita þeim stuðning til sjálfshjálpar. Jafnframt er lögð áhersla á að vinna gegn langtímavanda og fyrirbyggja að efnahagssamdráttur síðustu ára leiði til stækkunar í hópi langtímanotenda velferðarþjónustu. Skýrt er kveðið á um að veita þeim hópi íbúa sem misst hefur atvinnu sína eða hefur jafnvel enn ekki fengið tækifæri til að spreyta sig á almennum vinnumarkaði, viðeigandi aðstoð í formi fjárhagsaðstoðar, ráðgjafar eða annarra úrræða. Nauðsynlegt er að styðja við fólk í atvinnuleit, aðstoða það við að skapa sér tækifæri sem auka við færni þess og hæfni á atvinnumarkaði eða auka daglega virkni sem leiðir til aukinna lífsgæða og betri líðanar. Afleiðingar langvarandi vanvirkni geta verið alvarlegar og þá sér í lagi fyrir ungt fólk (Haukur Sigurðsson, 2008) en Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leggur sérstaka áherslu á þjónustu við þennan aldurshóp, það er að segja ungt fólk á aldrinum 18-25 ára. Nauðsynlegt er að huga sérstaklega að þeim hópi með tilliti til viðeigandi úrræða sem stuðla að aukinni virkni og þátttöku þeirra á atvinnumarkaði.

Í byrjun árs 2012 ákváðu velferðarráðuneytið, Vinnumálastofnun, Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær og Reykjanesbær að taka höndum saman og bjóða upp á nýtt úrræði, Atvinnutorg (Velferðarráðuneytið, 2012). Markmið Atvinnutorgs er að auka virkni ungra atvinnuleitenda á aldrinum 16 til 25 ára. Aldrei áður hefur verið boðið upp á sams konar úrræði fyrir ungt fólk án tillits til réttinda þess innan atvinnuleysistryggingakerfisins og því má segja að verkefnið marki ákveðin tímamót. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna afdrif og viðhorf þeirra sem nýttu sér þjónustu Atvinnutorgs árið 2012. Einnig verður samanburður gerður á verklagi hjá Atvinnutorgum í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og á Suðurnesjum.

Velferð á Íslandi

Þann 1. janúar 2011 voru heilbrigðis-, félags- og tryggingamálaráðuneytið sameinuð og úr varð Velferðarráðuneyti Íslands (Ríkisendurskoðun, 2011). Ráðuneytið starfar samkvæmt lögum nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands. Ráðuneytið hefur það hlutverk að standa vörð um velferðarþjónustu á Íslandi með virðingu, fagmennsku og framsýni að leiðarljósi.

Hér á landi eru í gildi lög sem tryggja eiga velferð og þjónustu við íbúa (Lög um almannatryggingar nr. 100/2007; Lög um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006; Lög um

félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991). Hlutverk laganna er meðal annars að styðja við þá sem standa höllum fæti í samfélaginu og geta ekki framfleytt sjálfum sér eða fjölskyldum sínum.

Almannatryggingar

Lífeyristryggingar, slysatryggingar og sjúkratryggingar teljast til almannatrygginga samkvæmt 1. grein laga um almannatryggingar nr. 100/2007. Tryggingastofnun ríkisins ber að annast framkvæmd almannatrygginga en markmið þeirra er að tryggja öllum þeim sem lögin taka til bætur og/eða viðeigandi stuðning meðal annars vegna slysa, veikinda, skertrar starfsgetu eða elli. Bætur eru ýmist greiddar í peningum eða veittar í formi aðstoðar og eiga að stuðla að því að einstaklingum sem þær þiggja sé gert kleift að framfleyta sér og lifa sjálfstæðu lífi.

Atvinnuleysisstryggingar

Markmið með lögum um atvinnuleysisstryggingar nr. 54/2006 er að tryggja íbúum landsins, bæði launamönnum sem og sjálfstætt starfandi einstaklingum, tímabundna fjárhagslega aðstoð á meðan á atvinnuleit þeirra stendur eftir að hafa misst fyrra starf. Samkvæmt 1. grein laganna eiga allir launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar á innlendum vinnumarkaði rétt á atvinnuleysisbótum að uppfylltum vissum skilyrðum. Til að eiga rétt á atvinnuleysisbótum þarf viðkomandi að hafa náð 18 ára aldri og vera yngri en 70 ára. Viðkomandi þarf að hafa starfað í launaðri vinnu í að minnsta kosti 3 mánuði á undangengnum 12 mánuðum. Hann þarf einnig að vera vinnufær og virkur í atvinnuleit. Viðkomandi telst vera í virkri atvinnuleit þegar hann er fær til flestra almennra starfa, sýnir frumkvæði í atvinnuleit sinni, er reiðubúinn að taka því starfi sem greitt er fyrir og getur hafið störf án sérstaks fyrirvara.

Vinnumálastofnun heyrir undir velferðarráðuneytið og starfar samkvæmt lögum nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir og lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysisstryggingar (Vinnumálastofnun, e.d.a). Aðalhlutverk Vinnumálastofnunar felur í sér yfirstjórn vinnumiðlunar á Íslandi og daglega afgreiðslu Atvinnuleysisstryggingasjóðs. Reknar eru þjónustuskrifstofur og útibú víðsvegar um landið. Helstu verkefni Vinnumálastofnunar eru að halda skrá yfir laus störf sem í boði eru á landinu, sjá um skráningu atvinnulausra, útreikninga og greiðslu atvinnuleysisbóta. Einnig annast Vinnumálastofnun skipulag vinnumarkaðsúrræða og heldur utan um upplýsingar um atvinnuástand, atvinnuleysi og horfur í atvinnumálum.

Félagsþjónusta sveitarfélaga

Markmið með lögum um félagsþjónustu sveitarfélaganna nr. 40/1991 er að tryggja fjárhagslegt sem og félagslegt öryggi íbúa landsins og stuðla að velferð á grundvelli samhjálpár. Það skal meðal annars gert með því að bæta lífskjör þeirra einstaklinga sem standa höllum fæti í samfélaginu. Starfsmenn félagsþjónustunnar skulu einnig gæta þess að hvetja einstaklinga til að taka ábyrgð á eigin lífi og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt þeirra og styrkja þá til sjálfshjálpár. Aðstoð félagsþjónustu sveitarfélaganna skal bæði nýtt til að bæta úr vanda einstaklinga sem og að hindra að fólk komist í aðstæður þar sem það getur ekki hjálpað sér sjálft. Fjárhagsaðstoð er ein af mögulegum þjónustuleiðum félagsþjónustu sveitarfélaganna en samkvæmt 19. grein laganna er hverjum manni skylt að framfleyta sér, maka sínum og börnum yngri en 18 ára. Sveitarstjórn hvers sveitarfélags skal sjá um framkvæmd fjárhagsaðstoðar í viðkomandi sveitarfélagi.

Atvinnuleysi

Skilgreining á atvinnuleysi

Samkvæmt Hagstofu Íslands (2013) teljast þeir atvinnulausir sem ekki voru í vinnu í vikunni sem leið, frá mánudegi til sunnudags (viðmiðunaryrka), geta hafið störf innan tveggja vikna og uppfylla auk þess að minnsta kosti eitt eftirfarandi skilyrða:

1. Atvinnulausir þurfa að hafa verið í virkri atvinnuleit síðastliðnar fjórar vikur, að viðmiðunaryrku meðtalinni
2. Sá atvinnulausi hafi fengið starf sem hefst innan þriggja mánaða
3. Sá atvinnulausi bíði eftir því að vera kallaður til vinnu

Sömu reglur gilda um launþega og sjálfstætt starfandi.

Atvinnuleysi á Íslandi

Við upphaf efnahagskreppunnar á Íslandi í október árið 2008 hafði atvinnuleysi verið lítið hér á landi í þónokkurn tíma (Hagstofa Íslands, 2013). Samkvæmt tölum Hagstofunnar var atvinnuleysi á Íslandi á árunum 2002 til 2008 um 3%, en árið 2010 var atvinnuleysi hvað mest eða um 8% yfir allt árið. Nú á fyrsta ársfjórðungi 2013 mældist atvinnuleysið um 6,8 % en það er lægra en á sama ársfjórðungi árið 2012 þegar atvinnuleysið mældist 7,9%.

Atvinnuleysi ungmenna

Atvinnuleysi síðustu ára hefur verið hvað mest hjá ungu fólki á aldrinum 16 til 24 ára (Hagstofa Íslands, 2013). Nú á fyrsta ársfjórðungi 2013 mældist atvinnuleysi þessa hóps um

10,8%, sem er fjórum prósentustigum hærra en atvinnuleysi almennt. En það er þó töluvert lægra en það mældist á sama ársfjórðungi árið 2012, en þá mældist það 17,7%.

Langtímaatvinnuleysi

Samkvæmt Hagstofu Íslands (2013) eru þeir sem hafa verið án atvinnu í 12 mánuði eða lengur skilgreindir sem langtímaatvinnulausir. Um 25% þeirra sem voru atvinnulausir á fyrsta ársfjórðungi 2013 voru langtímaatvinnulausir. Sá hópur hefur stækkað frá sama ársfjórðungi árið 2012 en þá mældist hann 21,8%.

Afleiðingar langtíma atvinnuleysis

Atvinna er grunnur að framfærslu fólks en umfram það eykur hún félagslega virkni, virkjar athafnaþörf og gefur lífinu gildi. Atvinnuleysi getur á hinn bóginn haft í för með sér vandamál fyrir fólk, bæði félagsleg sem og heilsufarsleg. Rannsóknir hafa ítrekað sýnt fram á tengsl atvinnuleysis við vanlíðan af ýmsu tagi (Kokko og Pulkkinen, 1998). Sterkust eru tengslin við líkamlega vanlíðan, lyndisraskanir og kvíðaraskanir. Niðurstöður rannsóknar Jakobs Smára, Elvars Arasonar, Hafsteins Hafsteinssonar og Snorra Ingimarssonar (1997) sýndu að tíðni lyndisraskana og kvíðaraskana er hærri meðal atvinnulausra en meðal fólks á atvinnumarkaði. Einnig sýndi allsherjargreining McKee-Ryan, Song, Wanberg og Kinicki (2005) fram á sams konar niðurstöðu. Þar voru teknar saman niðurstöður tuga rannsókna í tengslum við atvinnuleysi, sálræn og líkamleg vandamál og lífsánægju. Niðurstaðan var sú að sálræn og líkamleg vandamál voru meiri og lífsánægja minni á meðal atvinnulausra en fólks á atvinnumarkaði. Rannsóknir hafa einnig sýnt að afleiðingar atvinnuleysis eru mismunandi eftir ólíkum aldurshópum (Rein, Novo og Hammerström, 2004). Þannig sýndu niðurstöður Rein og féлага að tengsl milli atvinnuleysis og sálrænna vandamála væru sterkari meðal ungmenna heldur en fullorðinna.

Sálræn vandamál hafa sérstaklega verið tengd við langtímaatvinnuleysi en sambandið milli tímalengdar atvinnuleysis og sálrænnar vanlíðan virðist þó vera öllu flóknara þar sem niðurstöður rannsókna benda til þess að vanlíðan fari minnkandi eftir stöðugt atvinnuleysi í meira en 15 mánuði (Kokko og Pulkkinen, 1998). Það er ekki aðeins tímalengd atvinnuleysis sem flækir samband atvinnuleysis og heilsufarslegra vandamála heldur geta heilsufarsleg vandamál bæði verið orsök og afleiðing atvinnuleysis (McKee-Ryan, Song, Wanberg og Kinicki, 2005).

Atvinnuleysi og nýgengi örorku

Í rannsókn sem gerð var hér á landi á algengi örorku koma meðal annars fram sterk tengsl milli atvinnuleysis og nýgengis örorku (Sigurður Thorlacius, Sigurjón B. Stefánsson og Stefán Ólafsson, 2007). Einnig sýndu niðurstöður að algengustu orsakir örorku voru geðraskanir og stoðkerfissjúkdómar. Niðurstöður þeirra félaga fara saman við reynslu Finna af kreppunni á níunda áratug síðustu aldar (Haukur Sigurðsson, 2008). Þar kom í ljós að með langtímaatvinnuleysi versnaði líðan fólks og virkni hrakaði en það leiddi af sér hátt hlutfall örorku hjá þeim sem voru atvinnulausir í lengri tíma.

Niðurstöður Sigurðar og félaga (2007) sýndu einnig að örorka er algengari í yngri aldurshópum á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Ástæðuna fyrir því telja þeir meðal annars vera að minna sé um úrræði hér á landi sem auka virkni þessa hóps á atvinnumarkaði. Ennfremur nefna þeir að brýnt sé að stuðla að aðgerðum á þessu sviði því að slíkt getur lækkað hlutfall örorku á Íslandi.

Atvinnutorg

Atvinnutorg er samstarfsverkefni velferðarráðuneytis, Vinnumálastofnunar, Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarbæjar og Reykjanesbæjar (Velferðarráðuneytið, 2012a). Úrræðið er ætlað ungum vinnufærum atvinnuleitendum á aldrinum 16 til 25 ára. Rekja má aðdraganda verkefnisins til þess að ríkisstjórn Íslands samþykkti í júní árið 2011 að verja 100 milljónum króna í vinnumarkaðsaðgerðir fyrir ungt fólk sem ekki er tryggt innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Guðbjartur Hannesson þáverandi velferðarráðherra undirritaði samstarfssamning milli Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarbæjar, og Reykjanesbæjar, Vinnumálastofnunar og velferðarráðuneytisins um að taka saman höndum og bjóða upp á þetta nýja úrræði. Í kjölfar þess var skipaður vinnuhópur með fulltrúum ofangreindra aðila sem hafði það að markmiði að samræma þjónustu Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga við þennan hóp atvinnulausra. Samkvæmt minnisblaði ráðherra frá 28. október 2011 segir að markmið með Atvinnutorgunum sé þríþætt. Í fyrsta lagi að auka virkni ungmenna sem fá fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu sveitarfélaga. Í öðru lagi að auka samstarf og samfellu í þjónustu Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga við ungt fólk án atvinnu án tillits til réttinda þess innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Í þriðja og síðasta lagi sé markmið Atvinnutorga að auka sérstaklega virkni þess unga fólks sem hvorki er í skóla né vinnu og hefur ekki sótt um fjárhagslega aðstoð.

Hlutverk Atvinnutorga er fjórþætt (Minnisblað ráðherra 28. október 2011). Að þjónusta alla unga atvinnuleitendur yngri en 25 ára með samræmdum hætti; að finna og þjónusta ungmenni á aldrinum 16 til 25 ára í þeim sveitarfélögum sem að Atvinnutorgunum standa sem hvorki eru í námi né vinnu og fá ekki fjárhagsaðstoð; að boða atvinnuleitendur yngri en 25 ára í viðtöl, veita þeim ráðgjöf og bjóða upp á viðeigandi úrræði; að bjóða öllum ungmennum upp á val um úrræði sem felst í starfsþjálfun eða vinnu, námi eða námstengdu úrræði, áfengis- eða vímuefnaeðferð, eða starfsendurhæfingu. Til þess að hægt sé að framfylgja fjórða hlutverki Atvinnutorga er því mikilvægt að leitað sé eftir samstarfi við sámenntunarstöðvar, skóla, meðferðaraðila og VIRK, starfsendurhæfingarsjóð, til að annast framkvæmd þjónustunnar. Aðkoma sveitarfélaganna miðast að því að tryggja nægt framboð starfa innan hvers sveitarfélags sem nýst getur í starfsþjálfun og vinnu fyrir ungmenni sem þiggja þjónustu Atvinnutorga (Reykjavíkurborg Velferðarsvið, 2011). Mikilvægt er að boðið sé upp á fjölbreytt störf og starfsþjálfunarsamninga til að koma til móts við ólíkar þarfir hvers og eins.

Þar sem atvinnumiðsvöðvar voru þegar starfandi í Kópavogi og Hafnarfirði var ákveðið að Atvinnutorg í Kópavogi og Hafnarfirði yrðu byggð upp í samstarfi við Vinnumálastofnun á grunni þeirra (Reykjavíkurborg Velferðarsvið, 2011). Hins vegar voru nýjar einingar settar á laggirnar bæði í Reykjavík og á Suðurnesjum í tengslum við Vinnumálastofnun. Jafnframt var ákveðið að Vinnumálastofnun myndi leggja til helming starfsmanna á hverju Atvinnutorgi og sveitarfélögin hinn helminginn. Þann 17. febrúar árið 2012 voru Atvinnutorg í Reykjavík og á Suðurnesjum opnuð (Vinnumálastofnun, e.d.b.). Þann 23. febrúar 2012 var Atvinnutorg í Hafnarfirði opnað (Velferðaráðuneytið, 2012b) og að lokum, þann 1. mars 2012 var Atvinnutorg í Kópavogi opnað (Velferðaráðuneytið, 2012c).

Fyrirmynd Atvinnutorgs

Atvinnutorg er að hluta til byggt á hugmyndafræði Jobbtorg í Stokkhólmi (Minnisblað velferðarráðs 30. júní 2011). Jobbtorg Stockholm var sett á laggirnar 1. janúar árið 2008 (Stockholms stad, 2012) og í dag eru alls sjö torg starfandi víðsvegar um Stokkhólm (Stockholms stad, e.d.). Markmið Jobbtorg er að efla aðgerðir borgarinnar með það fyrir augum að fá fleiri atvinnulausa af bótum og í vinnu og draga þannig úr útgjöldum borgarinnar (Stockholms stad, 2012). Jobbtorg Stockholm auðveldar aðgengi atvinnulausra sem þiggja fjárhagslega aðstoð frá Stokkhólmi að hinum ýmsu úrræðum sem þar eru til staðar. Lögð er áhersla á að hjálpa fólki að komast í vinnu eða hefja nám. Einnig er unnið að því að skapa tengsl og semja um störf við aðila vinnumarkaðsins, eins og fyrirtæki, stofnanir,

sjálfseignarstofnanir og samtök til að ná sem bestum árangri. Meðalundirbúningstími ungmenna á Jobbtorg var 10 mánuðir (Tryggvi Haraldsson, e.d.).

Samkvæmt verkefnisstjóra Atvinnutorgs í Reykjavík hafa myndast góð tengsl milli Atvinnutorgs í Reykjavík og Jobbtorg í Stokkhólmi (Tryggvi Haraldsson, e.d.) og er lögð áhersla á að styrkja þau tengsl enn frekar í komandi framtíð þar sem slíkt er talið efla innra starf úrræðisins.

Atvinnutorg í Reykjavík

Á Atvinnutorgi í Reykjavík eru starfandi sex atvinnuráðgjafar ásamt verkefnisstjóra (Atvinnuráðgjafi Atvinnutorgs í Reykjavík munnleg heimild, 4. júní 2013). Starfsmennirnir mynda þverfaglegt teymi sem inniheldur tvo sálfræðinga, einn félagsráðgjafa, einn fíkniráðgjafa, einn mannauðssérfræðing og einn náms- og starfsráðgjafa. Starfshlutfall ráðgjafa er 100% og vinna þeir í samvinnu við þjónustumiðstöðvar Velferðarsviðs. Atvinnutorg er staðsett innan Vinnumálastofnunar, Kringlunni 1.

Atvinnutorg í Kópavogi

Atvinnutorg Kópavogs er hluti af Atvinnuveri Kópavogs og er staðsett í Fannborg 2 (Atvinnuráðgjafi Atvinnutorgs í Kópavogi munnleg heimild, 11. júní 2013). Í Atvinnuveri Kópavogs starfa þrjú atvinnuráðgjafar, tveir á vegum Kópavogsbæjar í 100% starfshlutfalli og einn á vegum Vinnumálastofnunar í 40% starfshlutfalli. Starfsmenn Atvinnuvers í Kópavogi hafa ólíka menntun sem getur nýst í starfi þeirra í Atvinnuverinu en einn ráðgjafi hefur BA-próf í félagsráðgjöf, einn hefur BA-próf í uppeldis- og menntunarfræðum og vinnur að mastersritgerð í náms- og starfsráðgjöf og einn ráðgjafinn er náms- og starfsráðgjafi, sem einnig hefur BA-próf í ensku og masterspróf í kennslufræðum til kennsluréttinda.

Atvinnutorg í Hafnarfirði

Atvinnutorg í Hafnarfirði er hluti af Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar sem er til húsa að Strandgötu 4 (Atvinnuráðgjafi Atvinnutorgs í Hafnarfirði munnleg heimild, 10. júní 2013). Á Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar starfa tveir atvinnuráðgjafar á vegum Atvinnutorgs. Annar atvinnuráðgjafinn er með BA-próf í guðfræði, lærður leikari frá Leiklistarskóla Íslands, og er að vinna að mastersritgerð í mannauðsstjórnun. Sá starfar á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Hinn ráðgjafinn hefur BA-próf í uppeldis- og menntunarfræðum og vinnur að mastersritgerð í náms- og starfsráðgjöf. Hann starfar á torginu þrjú daga í viku á vegum Vinnumálastofnunar. Ekki fengust skýrar upplýsingar um starfshlutfall ráðgjafanna hvað varðar mál tengd

Atvinnutorgi en þeir vinna einnig í öðrum verkefnum sem heyra undir Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar.

Atvinnutorg á Suðurnesjum

Atvinnutorg Suðurnesja er staðsett á Suðurgötu 15 í Reykjanesbæ (Atvinnuráðgjafi Atvinnutorgs á Suðurnesjum munnleg heimild, 13. júní 2013). Á Atvinnutorginu starfa tveir ráðgjafar í 100% starfshlutfalli, annar á vegum Reykjanesbæjar en hinn á vegum Vinnuálastofnunar. Báðir ráðgjafarnir eru með BA-próf í félagsráðgjöf.

Markmið rannsóknarinnar

Markmið rannsóknarinnar er tvíþætt. Annars vegar að bera saman verklag Atvinnutorga í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og á Suðurnesjum. Hins vegar er markmiðið að kanna afdrif þeirra ungmenna sem nýttu sér úrræði Atvinnutorga árið 2012 og fá viðhorf þeirra til þjónustunnar. Greining á afdrifum og viðhorfum þeirra sem nýttu sér þjónustuna er nauðsynleg til að hægt sé að gera betur grein fyrir þörfum og væntingum hópsins. Með betri upplýsingum er vonast til að hægt sé að veita betri þjónustu á Atvinnutorgum og aðstoða ungmennin með enn markvissari hætti en nú er gert. Upplýsingarnar gefa einnig kost á því að yfirfæra þekkingu milli Atvinnutorganna fjögurra og þannig styrkja og bæta þjónustu þeirra. Niðurstöðum rannsóknarinnar er því ætlað að verða liður í að auka lífsgæði ungra atvinnuleitenda, viðhalda heilsu þeirra og vinnufærni. Engar sambærilegar rannsóknir á þessum hópi notenda hafa verið gerðar hér á landi. Jafnframt hefur ekki verið spurt um hvernig þjónusta Atvinnutorga hefur nýst notendum fyrr en nú.

Aðferð

Rannsóknin skiptist í tvo hluta út frá markmiðum. Fyrri hluti rannsóknarinnar varðar vinnulag Atvinnutorga í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og á Suðurnesjum. Í seinni hluta rannsóknarinnar eru skoðuð afdrif og viðhorf notenda sem nýttu sér þjónustu Atvinnutorga árið 2012.

Þátttakendur

Fyrri hluti rannsóknar

Þátttakendur voru sex talsins, þrír atvinnuráðgjafar á Atvinnutorgi í Reykjavík, og einn á Atvinnutorgunum í Kópavogi, Hafnarfirði og á Suðurnesjum. Ráðgjafar voru valdir eftir starfsaldri á Atvinnutorgi og haft var samband við þá sem höfðu unnið á Atvinnutorgi frá opnun þess. Þrír ráðgjafar komu til greina á Atvinnutorgi í Reykjavík og var ákveðið að viðtal yrði tekið við þá alla vegna ólíks bakgrunns þeirra. Á Atvinnutorgi í Kópavogi kom einn viðmælandi til greina, sem og í Hafnarfirði. Tveir viðmælendur komu til greina á Atvinnutorgi Suðurnesja en ákveðið var að taka aðeins viðtal við annan þeirra þar sem hinn var í sumarfrí á meðan á rannsókn stóð. Allir sex ráðgjafarnir sem haft var samband við voru reiðubúnir að taka þátt.

Seinni hluti rannsóknar

Þýði rannsóknarinnar voru allir þeir sem höfðu fengið þjónustu á Atvinnutorgi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar og Suðurnesja á árinu 2012 og reyndust þeir vera 471 talsins. Upplýsingar um notendur Atvinnutorga árið 2012 voru fengnar hjá Atvinnutorgunum fjórum. Þátttakendur rannsóknarinnar voru 228 talsins en það jafngildir 48,4 % svarhlutfalli. Af þeim voru þrír sem luku ekki við að svara könnuninni. Ekki náðist í 207 notendur (44%), 30 notendur (6,4%) vildu ekki taka þátt í könnunni og 11 notendur (2,3%) töluðu ekki íslensku. Af þeim sem tóku þátt voru 123 skráðir á Atvinnutorg í Reykjavík (54,4% svarhlutfall), 20 voru skráðir á Atvinnutorg í Kópavogi (24,1% svarhlutfall), 45 þátttakendur voru skráðir á Atvinnutorgi í Hafnarfirði (46% svarhlutfall) og 40 þátttakendur voru skráðir á Atvinnutorg á Suðurnesjum (53,3% svarhlutfall). Af þeim voru 152 karlar (67,3%) og 76 konur (32,7%). Meðalaldur þátttakenda var 22 ár og var yngsti þátttakandinn 17 ára og sá elsti 28 ára.

Mælitæki

Fyrri hluti rannsóknar

Hálfstaðlaður viðtalslisti (sjá viðauka 4) var saminn og lagður fyrir atvinnuráðgjafa á Atvinnutorgi í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi og á Suðurnesjum. Viðtölin voru einstaklingsviðtöl. Viðtalslistinn skiptist í fimm hluta. Í fyrsta hluta var þátttakandi spurður um verkferli viðkomandi Atvinnutorgs þar sem hann var meðal annars beðinn um að lýsa hefðbundnu verkferli með notandann frá því að honum er vísað inn á Atvinnutorgið og þar til hann hættir í verkefninu. Í öðrum hluta var spurt um notandann og þær kröfur sem viðkomandi Atvinnutorg gerir til hans. Í þriðja hluta var þátttakandi beðinn um að svara spurningum varðandi starfsmenn viðkomandi Atvinnutorgs eins og um menntun, fyrri reynslu og þekkingu. Í fjórða hluta var þátttakandi beðinn um að lýsa vinnuaðstæðum starfsmanna og þeim aðstæðum sem Atvinnutorgið hefur til umráða. Í fimmta hluta var þátttakandinn beðinn um að leggja mat á starfsemi og þjónustu Atvinnutorgs.

Verkefnisstjóri Atvinnutorgs í Reykjavík var fenginn til að lesa yfir listann og gefa endurgjöf á hann í heild sinni.

Rannsakendur sendu einnig lista (sjá viðauka 7) á Atvinnutorgin fjögur þar sem beðið var um tölulegar upplýsingar fyrir árið 2012. Sá listi innihélt spurningar sem skiptust í fjóra hluta. Í fyrsta hluta var beðið um heildarfjölda notenda á árinu 2012. Í öðrum hluta var beðið um upplýsingar tengdar tilvísunaraðilum. Í þeim þriðja var beðið um upplýsingar sem snéru að þeim notendum sem hættu í verkefninu árið 2012 og ástæður þess. Í fjórða hluta var beðið um upplýsingar um starfsþjálfunarsamninga við sveitarfélög, almennan vinnumarkað og ríki.

Seinni hluti rannsóknar

Símakönnun var samin og sett upp í vefforritinu QuestionPro (sjá viðauka 5). Símakönnunin innihélt 21 spurningu en þátttakendur svöruðu þó mismörgum spurningum. Fjöldi spurninga fór eftir fyrri svörum þátttakenda í könnuninni. Símakönnunin skiptist í 4 hluta. Í fyrsta hluta var þátttakandinn spurður um afdrif hans og hvernig hann framfleytir sér. Sex spurningar tilheyrðu fyrsta hluta. Í öðrum hluta var spurt um eftirfylgni þar sem þátttakendur sem fóru í vinnustaðanám eða starfsþjálfun á vegum Atvinnutorgs voru spurðir að því hvort og þá hversu oft atvinnuráðgjafinn hafi haft samband við viðkomandi á meðan hann var í úrræðinu. Tvær spurningar tilheyrðu öðrum hluta. Í þriðja hluta voru þátttakendur spurðir um viðhorf þeirra til þjónustunnar sem þeir fengu á Atvinnutorgi sem og til atvinnuráðgjafans. Þar var notaður 5 punkta Likert-kvarði þar sem 1 þýðir mjög óánægður, 2 óánægður, 3 hvorki né/veit ekki, 4 þýðir ánægður og 5 mjög ánægður. Einnig voru þátttakendur beðnir um að gefa góð ráð um

hvernig mætti bæta þjónustuna sem fyrir er á Atvinnutorgi. Fimm spurningar tilheyrðu þriðja hluta, tvær af þeim voru opnar spurningar. Í fjórða og síðasta hluta listans var þátttakandinn spurður um bakgrunn sinn og stöðu hans við skráningu á Atvinnutorg. Átta spurningar tilheyrðu fjórða hluta.

Verkefnisstjóri Atvinnutorgs í Reykjavík og aðilar frá velferðarráðuneyti og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands voru fengnir til að lesa listann yfir og gera athugasemdir.

Framkvæmd

Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar. Í byrjun júnímánaðar 2013 var haft samband við atvinnuráðgjafana sex með tölvupósti, þeir beðnir um að taka þátt í rannsókninni og þeim sent kynningarbréf um rannsóknina (sjá viðauka 1, 2 og 3). Viðtölin tóku um eina til tvær klukkustundir og fóru fram á Atvinnutorgunum fjórum dagana 4.-13. júní 2013.

Öllum notendum Atvinnutorga árið 2012 var sent kynningarbréf í pósti eftir miðjan júní 2013 þar sem gerð var grein fyrir markmiðum rannsóknarinnar og í hverju þátttaka fælist (sjá viðauka 2). Þar var einnig tekið fram að rannsakendur myndu hafa samband við þátttakendur á komandi vikum. Samskonar kynningarbréf (sjá viðauka 3) var sent til forráðamanna þeirra notenda sem ekki voru lögráða. Þar var forráðamönnum boðið að hringja í uppgefið símanúmer og skilja eftir skilaboð til rannsakenda ef þeir væru mótfallnir þátttöku þess ungmennis sem þeir höfðu í sinni umsjá. Einnig var þeim boðið að hafa samband ef þeir vildu frekari upplýsingar. Engin slík skilaboð bárust. Haft var samband við Vinnumálastofnun og beðið um aðstöðu til úthringinga sem var samþykkt. Aðstaða á Velferðarsviði Reykjavíkur var nýtt til úthringinga á kvöldin.

Hringt var í notendur á tímabilinu 10. – 23. júlí 2013 og lagt fyrir símaviðtal. Hringt var ýmist um hádegisbil, síðdegis eða að kvöldi alla virka daga, en ekki var hringt um helgar. Þegar samband náðist við þátttakendur var þeim boðin þátttaka og tekið fram að rannsóknin tæki aðeins 5-10 mínútur. Ef viðkomandi hafnaði þátttöku var ekki haft samband við hann á nýjan leik. Hringt var allt að fimm sinnum í þá þátttakendur sem erfiðlega gekk að ná í.

Um miðjan ágúst var tengilið á hverju Atvinnutorgi sendur listi þar sem beðið var um tölulegar upplýsingar Atvinnutorga fyrir árið 2012. Upplýsingar fengust frá öllum torgum.

Tölfræðileg úrvinnsla

Fyrri hluti rannsóknar

Engin þörf var á tölfræðilegri úrvinnslu í fyrri hluta rannsóknarinnar.

Seinni hluti rannsóknar

Gögnin, sem safnað var með símaviðtölum, voru færð úr QuestionPro á Excel skjali og opnuð í SPSS. Lýsandi tölfræði var notuð til að setja fram tölulegar lýsingar og samanburði í niðurstöðum. Í ályktunartölfræðikaflanum var notuð einhliða dreifigreining til að kanna hvort munur væri á mati þátttakenda eftir torgum á þjónustu Atvinnutorgs og ráðgjöfum. Bonferroni próf var notað til að fá fram hvar þann mun væri að finna.

Forsendur dreifigreiningar voru skoðaðar áður en hafist var handa. Ójafnt var í hópnum fjórum eftir Atvinnutorgum og í ljós kom að staðalfrávik hópanna voru nokkuð ólík, en stærsta staðalfrávikðið var þó ekki tvöfalt stærra en það minnsta. Frávik leifarinnar frá normaldreifingu voru töluverð á breytunni mat þátttakenda á ráðgjafa, en almennt er talið að F-prófið sé nokkuð traust gagnvart þeim frávikum.

Niðurstöður – Fyrri hluti

Eftirfarandi eru upplýsingar sem fengust úr viðtölum við atvinnuráðgjafa Atvinnutorga í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og á Suðurnesjum sem tekin voru dagana 4. – 13. júní. Upplýsingar um Atvinnutorg í Reykjavík er samantekt þriggja viðtala við þrjá atvinnuráðgjafa.

Atvinnutorg í Reykjavík

1. Verkferlið

Á Atvinnutorgi Reykjavíkur er unnið með notendur eftir skráðum verkferlum. Notendum er vísað til Atvinnutorgsins annaðhvort í gegnum virkniráðgjafa á þjónustumiðstöðvum eða af ráðgjafa innan Vinnumálastofnunar. Einstaka notendur koma sjálfir og biðja um þjónustu. Verkferlið er ólíkt eftir því hvort notandi kemur frá þjónustumiðstöð eða Vinnumálastofnun. Notendur sem vísað er af þjónustumiðstöðvunum eiga að vera búnir að svara listanum *Eigið mat á starfsgetu* (EMS) en að sögn viðmælenda er það hins vegar ekki gert í öllum tilfellum. Fyrsta viðtal við notandann fer fram á þjónustumiðstöð þar sem atvinnuráðgjafinn kemur og fer lauslega yfir starfsemi Atvinnutorgs. Einnig er farið vel yfir möguleika á skerðingu fjárhagslegrar aðstoðar vegna lélegrar mætingar og notandinn skrifar undir að hann hafi mótttekið þau skilaboð. Notandinn skrifar einnig undir samþykki á vegum þjónustumiðstöðvarinnar um viðveru á Atvinnutorginu. Fyrsta viðtalið tekur um 15 til 30 mínútur. Í lok viðtalsins er notanda svo gefinn tími í fyrsta viðtal á Atvinnutorgi.

Ef notanda er hins vegar vísað á Atvinnutorg frá Vinnumálastofnun þá er kallað í atvinnuráðgjafa Atvinnutorgs þegar viðkomandi er hjá ráðgjafa Vinnumálastofnunar. Atvinnuráðgjafi Atvinnutorgs hittir notandann þá í fyrsta skiptið hjá ráðgjafa Vinnumálastofnunar og segir honum frá starfsemi torgsins í fljótu bragði. Í kjölfarið gefur hann notandanum tíma í fyrsta viðtal á Atvinnutorgi þar sem farið er ýtarlega yfir það sem notandi vill gera, hugað er að hvers konar hömlum og/eða hindrunum sem hann kann að vera að kljást við og hvaða styrkleika hann hefur. Notandinn svarar ákveðnum grunnsurningum sem atvinnuráðgjafar leggja fyrir hann sem og að svara listanum *Heilsutengd lífsgæði* (HL). HL er fjölbreytt skimunartæki sem tekur á heildarvanda sem og þáttum eins og þunglyndi, kvíða, samskiptum, fjárhag, svefni og líðan. HL getur gefið vísbendingar um stöðu viðkomandi og breytingar frá einni fyrirlögn til hinnar næstu. Með því að leggja fyrir HL reyna ráðgjafar að meta stöðu notandans og sjá hvort það sé eitthvað sérstakt sem hann þarf

að fá aðstoð við. Árið 2012 var því þannig háttað að eftir fyrstu viðtölin fékk notandinn hjálp við að gera ferilskrá og gerð var markmiðasetning með honum. Sett voru niður markmið með viðveru hans á Atvinnutorgi og hversu langan tíma hann gaf sér í að sækja um störf. Boðið var upp á sjö svo kölluð samtöl í fimm til níu manna hópum þar sem farið var yfir umsóknarferlið, gerð ferilskrár og kynningarbréfa, jákvæð samskipti og markmiðasetningu, mikilvægi atvinnu fyrir heilsuna, fjármálafræðslu, laun og skatta, og skólakerfi á Íslandi. Samtölin fóru fram þegar þess var talin þörf en það varð til þess að notendur tóku þátt í mismörgum samtölum á meðan þeir voru á Atvinnutorgi.

Árið 2013 var hins vegar gerð breyting á verklagi Atvinnutorgs í Reykjavík þar sem ráðgjafar settu á laggirnar tveggja vikna kynningarnámskeið sem allir notendur sækja eftir fyrstu viðtölin við atvinnuráðgjafa. Námskeiðin eru keyrð í annarri viku hvers mánaðar og mæta notendur þrisvar sinnum í viku í tvær vikur, tvo klukkutíma í senn. Á hverju námskeiði eru um 10 til 12 þátttakendur en 20 þátttakendur eru boðaðir í hvert sinn. Á námskeiðinu fer fram undirbúningur fyrir vinnu notandans á Atvinnutorgi.

1. dagur: Fyrst er *kynningardagur* þar sem farið er yfir markmið námskeiðsins og notuð reynslusaga eins ráðgjafa um það hvernig sé hægt að vinna sig upp
2. dagur: Farið er yfir gerð *ferilskrár*
3. dagur: Farið er yfir gerð *kynningarbréfs*
4. dagur: *Markmiðasetning* SMART markmiða er kynnt og notendum kennt að nýta sér hana
5. dagur: Fimmti dagur er „*hlutverka-leiks*” dagur þar sem ráðgjafar setja upp aðstæður þar sem líkt er eftir atvinnuviðtali og farið er með notandanum í gegnum hegðun og framkomu í slíku viðtali
6. dagur: Dregið er saman það sem farið var í á námskeiðinu og þátttakendur fá skráðan tíma í viðtal við ráðgjafa á Atvinnutorgi

Námskeiðinu er ætlað að vera hvatning fyrir notandann þar sem hann fær fræðslu á ýmsum sviðum sem gera hann betur í stakk búinn til að sækja um störf á Atvinnutorgi. Eftir námskeiðið koma notendur svo inn á Atvinnutorgið í markmiðasetningu SMART markmiða hjá ráðgjafa sínum og byrja síðan í reglulegri mætingu.

Nú árið 2013 líkt og gert var árið 2012 byrjar notandinn að sækja um störf eftir að hann kemur inn á Atvinnutorgið. Miðað er við að notandi mæti í tölvurými í einn til tvo mánuði, klukkutíma í senn, tvisvar til þrisvar í viku. Sumir fá vinnu strax en aðrir þurfa meiri tíma og meiri aðstoð og þá er reynt að finna vinnustaðanám fyrir þá. Sumir notendur fara

einungis í vinnustaðanám og koma þá aftur inn á Atvinnutorg með meðmæli og vinnureynslu. Aðrir fara í vinnustaðanám og svo í kjölfarið í tímabundna ráðningu/starfsþjálfun. Þá koma notendur til baka inn á torgið með nýja starfsreynslu og meðmæli. Sumir notendur fara í tímabundna ráðningu og fá svo í kjölfarið áframhaldandi ráðningu.

Notendahópur Atvinnutorgs í Reykjavík er þarfagreindur og er honum skipt upp í 3 hópa.

- *A-hópur:* Fer á kynningarnámskeið og kemur í kjölfarið inn á Atvinnutorg og leggur allt sitt í að sækja um störf. Gert er ráð fyrir því að viðkomandi komist á almennan vinnumarkað.
- *B-hópur:* Fer á kynningarnámskeið, kemur í kjölfarið inn á Atvinnutorg og er gefinn ákveðinn tíma til að sækja um störf. Ef það gengur ekki þá fara ráðgjafar í að finna önnur úrræði, vinnustaðanám eða starfsþjálfun á vegum Atvinnutorgs.
- *C-hópur:* Einkennist af notendum sem eru ekki að fara á almennan vinnumarkað. Þennan hóp mynda notendur sem þurfa að vinna í ákveðnum málum áður en þeir geta farið að sækja um störf á almennum vinnumarkaði. Ráðgjafar vísa þeim áfram í frekari úrræði eins og fíkniviðtöl og/eða sjálfstyrkingarnámskeið.

Notendum er skipt upp í hópana þrjá út frá mati þeirra á eigin starfsgetu (EMS), upplýsingum frá þjónustumiðstöðvum og faglegu mati atvinnuráðgjafa. Eitt af verkefnum atvinnuráðgjafa Atvinnutorgs í Reykjavík er því að skipta notendum niður og meta hvernig vinna á með hverjum og einum. Verkferlið er því í raun miðað út frá hverjum og einum notanda og því hvar hann er staddur hverju sinni.

Úrræði

Eftirfarandi úrræði eru í boði á Atvinnutorgi í Reykjavík

1. ***Regluleg mæting:*** Er í raun hluti af Atvinnutorgi frekar en eiginlegt úrræði. Notendur mæta í tölvuver á Atvinnutorgi tvisvar til þrisvar sinnum í viku klukkutíma í senn. Þar sækja þeir um störf undir handleiðslu atvinnuráðgjafa, fara yfir atvinnuauglýsingar og sérútbúna lista yfir laus störf hverju sinni.
2. ***Samtöl/Kynningarnámskeið:*** Árið 2012 var boðið upp á sjö ólík samtöl í litlum hópum þar sem tekið var á ólíkum atriðum sem gera áttu notanda betur í stakk búinn fyrir viðveru á torginu. Í byrjun árs 2013 var sett á laggirnar tveggja vikna kynningarnámskeið í stað samtalanna sem áður voru. Kynningarnámskeiðin eru höfð í

annarri viku hvers mánaðar og allir notendur sem koma inn á Atvinnutorg árið 2013 fara á slíkt námskeið.

3. **Vinnustaðanám:** Ólaunuð starfsþjálfun í allt að þrjú mánuði en ekki í meira en 50% starfshlutfalli. Vinnustaðanám er gjarnan undanfari tímabundinnar ráðningar og þar fær notandinn tækifæri til að sanna sig, prófa sig í starfinu og sjá hvort að þetta tiltekna starf sé eitthvað sem hann hafi áhuga á að vinna við í framtíðinni.
4. **Starfsþjálfun/Tímabundin ráðning:** Ráðning í allt að sex mánuði þar sem notandinn vinnur sem almennur starfsmaður og fær greitt eftir viðeigandi kjarasamningum. Atvinnutorg greiðir með notendum sem fara í starfsþjálfun.
5. **Áfengis- og fíkniviðtöl í Foreldrahúsi**
6. **Viðtöl við sjálfstætt starfandi sálfræðinga**
7. **Áfengis og vímuefnaeðferð**
8. **Starfsendurhæfing hjá Virk**
9. **Önnur úrræði:** Ráðgjafar Atvinnutorgs í Reykjavík hafa kost á því að senda notendur sína á fjölbreytt námskeið á vegum Vinnumálastofnunar, námskeið hjá Hinu húsinu svo sem vítamínnámskeið og vinnustaðanám, vinnuvélanámskeið, tölvunámskeið og fleira.

Einstaklingsmiðuð þjónusta og áætlun

Á Atvinnutorgi í Reykjavík er einstaklingsmiðuð þjónusta höfð að leiðarljósi í vinnu ráðgjafanna með notendum. Ráðgjafar gera markmiðasetningu með notandanum um viðveru hans á torginu. Unnið er eftir hugmyndafræði *SMART-likansins* sem samkvæmt viðmælanda eitt skila bestum árangri ef henni er fylgt. Ráðgjafarnir byrja á því að finna út að hverju notandinn stefnir, það er hvort hann stefni að því að komast út á almennan vinnumarkað, hvort hann vilji komast í tímabundna ráðningu eða hvort það sé eitthvað nám sem hann vill komast í. Markmiðasetningin gengur svo út á að setja skipulega niður hvernig notandinn, með hjálp atvinnuráðgjafans ætlar að ná þessum markmiðum. Markmiðin eru svo endurskoðuð að ákveðnum tíma liðnum en sá tími er einstaklingsbundinn. Dæmi um markmið er að mæta á Atvinnutorg þrisvar sinnum í viku, sækja um x mörg störf og fylgja eftir umsóknum.

Skráning

Á Atvinnutorgi Reykjavíkur sjá bæði ráðgjafar og notendur um skráningu. Ráðgjafinn heldur svo kallað A-skjal yfir notendur sína þar sem allar persónuupplýsingar um þá fara inn, það er að segja bakgrunnsupplýsingar, upplýsingar um núverandi stöðu, hvort viðkomandi sé í

neyslu og/eða glími við einhverjar raskanir. Einnig er skráð í hvaða úrræði notandi fer, hvenær hann fer í úrræðið, hvenær hann hættir og hvort hann hafi lokið úrræðinu eða hætt fyrir tilsettan tíma. Ráðgjafarnir halda einnig skrá yfir mætingu notanda. Ráðgjafar skila afriti af A-skjalinu til verkefnastjóra mánaðarlega sem heldur utan um allar skráningar ráðgjafanna. Að sögn viðmælanda eitt er skráningin skilvirk og góð.

Notendur sjá svo um að skrá sig inn í tölvurnar þegar þeir mæta í reglulega mætingu. Viðmælandi tvö greinir hins vegar frá því að sú skráning hafi ekki verið mjög áreiðanleg þar sem erfitt hefur reynst fyrir notendur að skrá sig inn vegna bilunar í kerfinu.

Eftirfylgni

Samkvæmt viðmælendum leggur Atvinnutorg í Reykjavík mikið upp úr eftirfylgni á meðan notandinn er í úrræði á þeirra vegum. Ráðgjafar hafa reglulega samband við notandann og yfirmann á meðan hann er í vinnustaðanámi eða tímabundinni ráðningu. Ef það kemur eitthvað upp á hjálpa ráðgjafar til við að leysa vandann. Minni áhersla er þó lögð á eftirfylgni þegar notandinn er kominn á almennan vinnumarkað en það fer þó eftir hverjum notanda fyrir sig. Ráðgjafar benda einnig notendum á, eftir að þeir eru komnir út á almennan vinnumarkað, að hafa samband ef það er eitthvað. Einnig hafa ráðgjafar sent HL listann til notenda tveimur til þremur mánuðum eftir að þeir hætta á Atvinnutorgi. Viðmælendur greina þó frá því að svörun sé ekki góð.

Notendur sem koma aftur inn á Atvinnutorgið eftir að hafa hætt

Samkvæmt viðmælendum er unnið eftir svipuðu verkferli með þá notendur sem koma aftur inn á torgið eftir að hafa hætt. Ef notandi kemur aftur inn á torgið byrjar ráðgjafi á því að setjast niður með honum og ræða við hann hvað fór úrskeiðis. Ef notandinn var á Atvinnutorgi árið 2012, áður en kynningarnámskeiðið hófst þá er honum vísað á næsta kynningarnámskeið. Ef notandinn hefur aftur á móti sótt það námskeið þá fara ráðgjafar í að gera nýja markmiðasetningu með honum. Verkferlið er í raun það sama og áður og úrræðin þau sömu nema að núna er notandinn kominn með starfsreynslu og því er reynt að einblína á að hjálpa viðkomandi að komast aftur út á almennan vinnumarkað frekar en önnur úrræði.

Árangursmat

Samkvæmt viðmælendum gera ráðgjafar Atvinnutorgs í Reykjavík ekki árangursmat fyrir hvern notanda eftir að hann hættir á torginu. Viðmælandi eitt bendir hins vegar á að helsta árangursmat þeirra sé hversu margir notendur torgsins hafa komist á almennan vinnumarkað.

Ennfremur bendir viðmælandinn á að ráðgjafarnir reyni að leggja reglulega fyrir HL listann á meðan notandinn er á Atvinnutorgi til að sjá hvort breytingar hafa átt sér stað.

2. Notandinn

Kröfur sem gerðar eru til notandans

Sú krafa er gerð að mæting notenda á Atvinnutorgi í Reykjavík sé 100% og að þeir séu virkir þegar þeir mæta. Einnig eiga notendur að láta ráðgjafa vita ef þeir komast ekki og gefa ástæðu fyrir fjarveru sinni. Ráðgjafar geta krafist þess að notandi komi með læknisvottorð ef hann segist endurtekið vera veikur. Ráðgjafar eru þó sveigjanlegir varðandi mætingarskyldu notanda. Ef notandi er ekki að mæta nema í um 70-80% tilvika þá sest ráðgjafi niður með honum og greinir honum frá því að léleg mæting geti haft áhrif á þá fjárhagsaðstoð sem hann fær. En ef mæting notandans er mjög léleg þá taka ráðgjafar það upp á fundi, ræða við félagsráðgjafa notandans eða aðra sem koma að máli hans og vísa honum til baka.

Ef viðkomandi hættir að mæta þá er hringt ítrekað í viðkomandi, honum send smáskilaboð og tölvupóstur til að boða hann í viðtöl. Það er þó nokkuð mismunandi hversu oft ráðgjafarnir hafa samband en það fer einna helst eftir því hversu lengi viðkomandi hefur verið á Atvinnutorgi. Því lengur sem viðkomandi hefur verið á torginu því lengur er reynt að ná í hann.

Notendasamráð

Verkferlið á Atvinnutorgi Reykjavíkur er í raun háð því hvað notandinn vill gera hverju sinni og hvert hann stefnir. Notandinn er með í því að setja niður markmið með viðveru hans á torginu og ákvörðunum um öll þau úrræði sem hann fer í. Því má ætla að notendasamráð sé haft að leiðarljósi í vinnu ráðgjafanna á torginu.

3. Ráðgjafar Atvinnutorgs í Reykjavík

Á Atvinnutorgi í Reykjavík starfa sex atvinnuráðgjafar sem mynda þverfaglegt teymi. Hver ráðgjafi er tengiliður við ákveðna þjónustumiðstöð og sér um notendur sem koma frá þeirra stöð. Ráðgjafar vísa notendum sín á milli í viðtöl, þá einna helst til sálfræðinga, fíkniráðgjafa og til náms- og starfsráðgjafa. Viðtölin geta verið eitt eða fleiri eftir þörfum hvers og eins notanda. Viðkomandi ráðgjafi vísar notendum svo áfram ef vandinn er of mikill því á Atvinnutorgi fer engin meðferðarvinna fram með notendum. Hins vegar taka ráðgjafar Atvinnutorgs sem eru sálfræðingar að mennt styttri viðtöl og fræða notendur sem eiga við andlegan vanda að stríða. Ráðgjafar finna svo viðeigandi úrræði utan Atvinnutorgs ef talin er

þörf á slíku. Teymisfundir ráðgjafanna á Atvinnutorgi eru svo haldnir vikulega þar sem farið er yfir almennt starf þeirra og þeir upplýstir um ýmis mál sem því viðkemur.

Það er breytilegt hversu marga notendur hver ráðgjafi hefur á sínum snærum hverju sinni en það getur verið allt frá 10 upp í 25, þar með talið þeir sem eru í reglulegri mætingu eða í öðrum úrræðum. Viðmælendur eru allir sammála um að vinnuálag sé ekki mikið og segja jafnframt að það mætti vera meira. Þeir treysta sér allir til að hafa fleiri notendur á sínum snærum en segja að húsnæðið bjóði hins vegar ekki upp á slíkt, það rými sem ráðgjafarnir hafa til umræða sé einfaldlega of lítið.

Kröfur sem gerðar eru til ráðgjafa Atvinnutorgs í Reykjavík

Viðmælendur segja að skýrar kröfur séu gerðar til ráðgjafa Atvinnutorgs um að koma notendum í vinnu. Einnig benda viðmælendur á að til sé kröfulýsing fyrir starfsmenn Atvinnutorgs þar sem útlistaðar eru þær kröfur sem gerðar eru til þeirra og hvernig þeir skulu haga vinnu sinni.

Þekking ráðgjafa á atvinnulausum ungmennum og á almannatryggingarkerfinu áður þeir hófu störf á Atvinnutorgi

Viðmælendur höfðu allir reynslu af því að vinna með fólki í vanda áður en þeir hófu störf á Atvinnutorgi, bæði ungmennum sem og fullorðnum. Viðmælendur höfðu þó mismikla kunnáttu á almannatryggingarkerfinu en segjast hafa öðlast mikla þekkingu á kerfinu með vinnu sinni á Atvinnutorgi. Einnig segjast þeir geta leitað eftir upplýsingum frá ráðgjöfum Vinnuálagstofnunar og yfirmönnum.

Fræðsla sem ráðgjafar fengu á vinnulagi Atvinnutorgs áður en þeir hófu störf

Viðmælendur hafa allir unnið á Atvinnutorgi í Reykjavík frá opnun þess. Þeir segjast allir hafa fengið fræðslu um það hvernig úrræðið var hugsað í upphafi og þær kröfur sem gerðar voru til ráðgjafa Atvinnutorgs. Þó benda þeir á að þeir hafi gengið inn í hálfmótað verkefni. Þeir segja jafnframt að slíkt hafi verið jákvætt því þeir gátu tekið þátt í þróun verkefnisins og haft eitthvað um það og framkvæmd þess að segja.

Endurmenntun ráðgjafa eftir að þeir hófu störf á Atvinnutorgi

Viðmælendur greina frá því að á Atvinnutorgi í Reykjavík sé mikið svigrúm til að fara á námskeið og sækja sér endurmenntun og segjast hafa sótt bæði ráðstefnur og námskeið sem nýst geta í starfi. Má þar nefna námskeið í *áhugahvetjandi viðtalstækni* og Excel námskeið. Einnig greina þeir frá því að á meðan Atvinnutorg heyrði undir Velferðasvið Reykjavíkur höfðu þeir aðgang að öllum námskeiðum innan þess sviðs.

4. Vinnuaðstæður

Ráðgjafar Atvinnutorgs deila með sér opnu skrifstofurými. Umfram skrifstofurýmið hafa ráðgjafarnir til umráða tvö lokuð viðtalsherbergi sem og tölvurými þar sem hægt er að taka á móti sex notendum hverju sinni. Hver notandi hefur þá aðgang að tölvu. Einnig hafa ráðgjafar aðgang að öllum fundarherbergjum hjá Vinnumálastofnun sem og á Höfðatorgi hjá Reykjavíkurborg, Borgartúni 12-14. Ráðgjafar Atvinnutorgs nýta sér einkum aðstæður á Höfðatorgi fyrir kynningarnámskeiðin sem þeir halda í annarri viku hvers mánaðar.

Viðmælendur greina allir frá því að vinnuaðstæður séu stærsta umkvörtunarefni ráðgjafanna og viðmælandi þrjú segist aldrei hafa unnið við jafn slæmar aðstæður. Viðmælendur segjast hafa aðgang að ýmsu en aðstaða sé þó ekki nægilega góð. Þeir greina frá því að þá dreymi um stærra tölvurými með loftræstingu fyrir notendur. Með því væri hægt að fjölga notendum á Atvinnutorgi. Einn af viðmælendum greinir einnig frá því að viðtalsherbergin séu það opin og hljóðbær að hann taki ekki lengur fíkniviðtöl sín á Atvinnutorgi heldur hafi sótt um aðstöðu í Foreldrahúsi til þess. Viðmælendur benda einnig á að opna sameiginlega skrifstofurýmið sé mjög óhentugt þar sem þar sé oft mikið áreiti og lítill vinnufriður. Starf ráðgjafanna felst meðal annars í því að hringja í notendur, yfirmenn og fyrirtæki og því eru þeir mikið í símanum sem myndar mikinn klið. Ráðgjafar þurfa einnig að hringja erfið og þungu símtöl í notendur og það sé erfitt að gera með mikil læti í kringum sig. Einnig sé mikill kliður frá öðrum starfsmönnum Vinnumálastofnunar þar sem kaffistofan er við hliðina á þessu opna skrifstofurými. Rýmið er einnig gluggalaust og engin loftræsting þar inni. Viðmælendur benda á að það myndi breyta miklu ef ráðgjafar væru einungis tveir og tveir í hverju skrifstofurými.

5. Mat atvinnuráðgjafa á þjónustu Atvinnutorgs í Reykjavík.

Það sem viðmælendur nefna að skipti mestu máli við þá þjónustu sem í boði er á Atvinnutorgi í Reykjavík er sveigjanleiki, einstaklingsmiðuð þjónusta og persónuleg tengsl við notandann. Þeir nefna að það skipti miklu máli að veita notendum athygli, sýna þeim að þeir skipta máli

en á sama tíma að setja kröfur á þá um að bera ábyrgð á sjálfum sér. Að það sé ekki bara sjálfsagt að sitja heima og fá pening inn um lúguna hver mánaðarmót án þess að leggja neitt af mörkum.

Viðmælendur eru sammála um að verkefnið hafi staðið undir þeim væntingum sem þeir gerðu til þess þegar þeir hófu störf á Atvinnutorgi. Einnig nefna þeir að verkefnið sé mjög spennandi og þarft. Einn viðmælendanna greinir frá því að hann sé mjög stoltur af því að vera hluti af verkefninu.

Það jákvæðasta við verkefnið að mati viðmælenda er að sjá að það sé að virka, að sjá notendur torgsins komast í virkni og fá vinnu á almennum vinnumarkaði. Viðmælandi tvö nefnir einnig að starfsfólk Atvinnutorgs í Reykjavík sé flottur hópur fólks sem hefur mismunandi bakgrunn og reynslu sem vinnur vel saman að sameiginlegum markmiðum. Einnig nefnir viðmælandinn að verkefnisstjóri torgsins styðji vel við bakið á ráðgjöfunum og að auðvelt sé að leita til hans eftir ráðum. Viðmælandi þrjú nefnir að honum þyki jákvætt að sjá tvö kerfi vinna saman, það er Reykjavíkurborg og Vinnumálastofnun þó að slíkt sé stundum svolítið þungt og að kerfin ganga ekki alltaf alveg í takt.

Viðmælendur nefndu ólíka hluti þegar þeir voru beðnir um að nefna hvað mætti betur fara við framkvæmd verkefnisins. Viðmælandi eitt greinir frá því að tilvísanir frá Vinnumálastofnun séu ekki nógu margar og að verkefnið hafi ef til vill ekki verið innleitt nægilega vel sem eitt af úrræðum Vinnumálastofnunar. Einnig bendir hann á að fá úrræði séu fyrir notendur á aldrinum 16 til 17 ára þrátt fyrir að verkefnið nái yfir þann aldurshóp. Viðmælandi tvö segir að honum þyki erfitt að vinna með notendur í tveimur kerfum, að honum þyki erfitt að horfa upp á það að notandi sem er með fjárhagsaðstoð hafi alla jafna fleiri tækifæri heldur en þeir sem eru með atvinnuleysisbætur. Hann nefnir að draumur hans sé að hægt sé að vinna með notendum óháð kerfum og að allir notendur torgsins hefðu jöfn tækifæri innan þess. Einnig bendir hann á úrræðaleysið fyrir notendur á aldrinum 16 til 17 ára, líkt og viðmælandi eitt. Hann bendir á að fáar tilvísanir koma inn á torgið fyrir þennan aldurshóp og erfitt sé að halda þeim í mætingu á torginu þar sem að þeir “græða” ekkert fjárhagslega á því. Viðmælandi þrjú nefnir að bæta þurfi praktíska hluti í framkvæmd verkefnisins eins og að bæta vinnurými atvinnuráðgjafa. Hann nefnir einnig að Atvinnutorgið eða sambærilegt verkefni þyrfti að vera til staðar fyrir alla aldurshópa sem þiggja fjárhagsaðstoð af ríki eða sveitarfélögum. Mikilvægt sé að hlúa að öllum þeim sem eru atvinnulausir, auka virkni þeirra og veita þeim aðhald.

Atvinnutorg í Kópavogi

1. Verkferlið

Á Atvinnutorgi í Kópavogi er unnið með notendum eftir skráðum verkferlum. Notendum er vísað inn á Atvinnutorgið ýmist af ráðgjöfum hjá velferðarsviði Kópavogs, frá skóla viðkomandi notanda sem og námsráðgjöfum. Einnig vísa foreldrar og forráðamenn notendum inn á torgið ásamt því að notendur koma sjálfir. Eftir að tilvísun berst er bókað viðtal með notandanum og farið er yfir stöðu hans og sögu. Skoðað er hvort notandinn hafi farið í áhugasviðspróf eða á námskeið. Einnig er skoðað hvernig hann sækir um vinnu og hvort ferilskrá sé til staðar. Ef það er engin ferilskrá til staðar þá er notandinn bókaður í annað viðtal þar sem hann fær aðstoð við gerð ferilskrár. Sett eru markmið um hversu mörg störf notandinn á að sækja um en það gerir hann heima við. Viðmælandi bendir þó á að notandinn gæti sótt um störf in á Atvinnutorginu ef betri tölvuaðstaða væri í boði. Í lok árs 2012 byrjaði Atvinnutorg Kópavogs að bjóða notendum sínum upp á virkninámskeið í Molanum, ungmennahúsi Kópavogs. Þeir notendur sem byrjuðu í desember 2012 eða síðar sækja það námskeið. Námskeiðið varir í sex vikur og þar af eru tvær vikur þar sem notandinn fer í starfskynningu í því fyrirtæki sem hann hefur sjálfur valið sér, það er „draumafyrirtæki” hans. Ef illa gengur hjá viðkomandi að fá vinnu þá býðst honum að fara í starfsþjálfunarúræði hjá Kópavogsbæ sem varir í þrjá til sex mánuði.

Úrræði

Eftirfarandi úrræði eru í boði hjá Atvinnutorgi Kópavogs:

1. **Námskeið í Molanum:** Var sett á laggirnar í lok árs 2012. Námskeiðið varir í sex vikur, þar af eru tvær vikur þar sem notandinn fer í vinnustaðanám hjá fyrirtæki sem hann hefur kosið sér. Á fyrstu tveimur vikum námskeiðsins er boðið upp á fyrirlestra og kynningar. Boðið hefur verið upp á fyrirlestra eins og „Úr frestun í framkvæmd“, einnig hafa sjálfboðaliðastörf hjá Rauða krossi Íslands verið kynnt ásamt skyndihjálpi. Á námskeiðinu er gerð ferilskrá og farið er yfir markmiðin sem sett voru í upphafsviðtali við ráðgjafa á Atvinnutorgi. Eftir þetta fer notandinn í vinnustaðanám í tvær vikur þar sem honum gefst tækifæri til að sanna sig og fá meðmæli. Að vinnustaðanáminu loknu kemur notandinn svo aftur inn á námskeiðið í Molanum þar sem haldið er áfram með fyrirlestra og kynningar.
2. **Viðtöl við ráðgjafa:** Þar sem ráðgjafi veitir notendum ráðgjöf, aðstoð við gerð ferilskrár og leggur fyrir þá áhugasviðspróf.

3. **Starfsþjálfun/Tímabundin ráðning:** Ráðning í allt að sex mánuði þar sem notandinn vinnur sem almennur starfsmaður og fær greitt eftir viðeigandi kjarasamningum. Flest starfsþjálfunarræðin eru innan velferðargeirans sem viðmælandi telur óhentugt fyrir notendur Atvinnutorgs, aðallega vegna þess hve einsleit þau eru og varða nær eingöngu þjónustu við fólk.

Einstaklingsmiðuð nálgun og áætlun

Samkvæmt viðmælanda er lagt upp með að koma til móts við notandann þar sem hann er staddur í lífinu og unnið út frá því. Gerður er skriflegur samningur sem fjallar annars vegar um hvaða markmið notandinn hefur sett sér og hins vegar um þá heimavinnu sem hann fær. Einnig kemur fram í samningi hvað ráðgjafi Atvinnutorgs á að gera til að aðstoða notandann við markmiðin.

Skráning

Ráðgjafar á Atvinnutorgi í Kópavogi sjá alfarið um skráningu á notendum og er notast við tvíþætt skráningarkerfi. Annars vegar er skráð hvenær notandinn kemur inn á Atvinnutorgið, hvenær fyrsta viðtalið var, ásamt ýmsum persónuupplýsingum svo sem nafni, símanúmeri, kennitölu, heimilisfangi, hjúskaparstöðu, börnum á framfæri, menntun og hvaðan tilvísunin kemur. Hins vegar er annað kerfi sem heldur utan um dagnótur þar sem skráð er hvað notandinn er að gera á meðan hann er á Atvinnutorginu. Samkvæmt viðmælanda auðveldar það ráðgjafanum að rifja upp ferli hvers notanda. Ráðgjafar Kópavogsbæjar í fjárhagsaðstoð halda utan um þær greiðslur sem notandinn fær til framfærslu og hvort hann sé með einhvers konar greiningu. Ráðgjafar á Atvinnutorgi Kópavogs hafa aðgang að þessum upplýsingum.

Eftirfylgni

Eftirfylgni á Atvinnutorgi í Kópavogi er þannig háttað að þegar námskeiðum lýkur þá hringir ráðgjafi í notandann og athugar hver staða hans sé. Ef hann er ekki kominn í vinnu þá býðst honum að koma inn á Atvinnutorgið.

Notendur sem koma aftur inn á Atvinnutorgið eftir að hafa hætt

Ef notandi hættir á Atvinnutorgi Kópavogs vegna þess að hann fékk vinnu og kemur aftur inn seinna þá er farið yfir stöðu mála hjá viðkomandi. Ráðgjafi ræðir við notandann um það hvað hann geti lært af fyrri reynslu og hvað hægt sé að gera í framhaldinu. Skoðað er hvort viðkomandi hafi verið tilbúinn til að fara út á vinnumarkaðinn og hvort þörf sé á öðru úrræði.

Einnig er athugað hvort þörf sé á aðstoð frá sálfræðingi eða lækni. Ef í ljós kemur að viðkomandi er óvinnufær þá er honum vísað til baka til tilvísunaraðila hjá velferðarsviði Kópavogsbæjar eða Vinnumálastofnun.

Árangursmat

Ráðgjafar Atvinnutorgs í Kópavogi gera ekki árangursmat fyrir hvern notanda eftir að hann hættir. Þeir notendur sem ljúka námskeiði í Molanum fá hins vegar úrskriftarplagg um að þeir hafi lokið virkninámskeiði.

2. Notandi

Á Atvinnutorgi í Kópavogi eru gerðar þær kröfur til notandans að hann mæti í bókuð viðtöl eða þau úrræði og námskeið sem honum standa til boða. Ef þeir sem fá fjárhagsaðstoð mæta ekki síendurtekið og láta ekki vita, geta þeir átt von á skerðingu fjárhagsaðstoðar.

Notandi mætir að meðaltali einu sinni í viku á Atvinnutorgið, þó mæta sumir sjaldnar. Samkvæmt viðmælanda þá metur ráðgjafi hverju sinni hversu oft viðkomandi skal mæta.

Notendasamráð

Á Atvinnutorgi Kópavogs er lagt upp með að hafa notendasamráð á þann veg að notandinn er spurður hvað hann vilji gera, hvað honum finnst, hvað honum finnst vanta og hvernig hann hefur hugsað sér að styrkja sig.

3. Ráðgjafar Atvinnutorgs í Kópavogi

Árið 2012 voru tveir ráðgjafar starfandi á Atvinnutorgi annar í 100% stöðu á vegum Kópavogsbæjar en hinn í 40% stöðu á vegum Vinnumálastofnunar. Í dag er Atvinnutorgið hins vegar hluti af Atvinnuveri Kópavogs en þar starfa þrjú ráðgjafar. Teymisvinna er til staðar meðal ráðgjafanna og fer hún fram á sérstökum stöðufundum þar sem farið er yfir gang mála.

Að meðaltali er hver ráðgjafi með tvo til þrjú notendur á viku sem tilheyra Atvinnutorginu en sú tala er breytileg eftir árstíma. Viðmælandi telur sig ekki vera undir of miklu álagi í starfi þó það komi álagstímar inn á milli.

Kröfur sem gerðar eru til ráðgjafa Atvinnutorgs í Kópavogi

Viðmælandi greinir frá því að þær kröfur sem gerðar eru til ráðgjafa torgsins séu að nota menntun sína og starfsþekkingu í starfi sínu. Þeir eiga jafnframt að koma til móts við notendur

á þeirra grundvelli, þ.e. einstaklingsmiðað. Þeir eiga að vita hvaða úrræði henta hverju sinni og geta nýtt sér þau.

Þekking ráðgjafa á atvinnulausum ungmennum og á almannatryggingakerfinu áður hann hóf störf í Atvinnutorgi

Viðmælandi hefur ekki unnið með þann hóp fólks áður, en hann hefur unnið hjá Tryggingastofnun Ríkisins.

Fræðsla sem ráðgjafi fékk á vinnulagi Atvinnutorgs áður en hann hóf störf

Viðmælandi fékk enga fræðslu um vinnulag Atvinnutorgs þegar Atvinnutorg í Kópavogi tók til starfa árið 2012. Ráðgjafi fékk að þróa verkefnið að mestu leyti sjálfur ásamt verkefnastjóra velferðarsviðs Kópavogsbæjar. Ekki hefur verið stuðst við neina kröfulýsingu en í upphafi var starfslýsing til staðar.

Endurmenntun ráðgjafa eftir að hann hóf störf á Atvinnutorgi Kópavogs

Viðmælandi greinir frá því að hann hafi ekki farið í sérstaka endurmenntun eftir að hann hóf störf á torginu en nefnir þó að hann hafi farið á viku námskeið í Róm á vegum Evrópa Unga fólksins. Námskeiðið hét „*Competences for all, assessing competences of young people with fewer opportunities*“. Einnig hefur hann hlotið Diploma í „*NLP practitioner*“ eftir að hann hóf störf á Atvinnutorgi Kópavogs.

4. Vinnuaðstæður

Eins og áður sagði þá er Atvinnutorg í Kópavogi hluti af Atvinnuveri. Atvinnuverið er í einu stóru skrifstofurými þar sem starfa þrír ráðgjafar. Ráðgjafar vinna bæði vinnu sína sem og taka viðtöl við notendur í þessu sameiginlega rými. Því mætti ætla að næði hvers ráðgjafa með notandanum sé lítið.

Vinnuaðstæður eru mjög góðar að mati viðmælanda en hins vegar telur hann að skortur sé á tölvuveri fyrir notendur en með því telur hann að hægt væri að betrubæta þjónustuna ásamt því að auka nálægð við notandann.

5. Mat ráðgjafa á þjónustu Atvinnuvers í Kópavogi

Það sem skiptir mestu máli við þjónustu Atvinnutorgs að mati viðmælanda er viðmót starfsmanna og hvernig tekið er á móti notendum. Reynt er að mæta þeim þar sem þeir eru

staddir í lífinu ásamt því að finna viðeigandi úrræði. Einnig greinir viðmælandi frá því að námskeiðið í Molanum hafi fengið góða dóma frá notendum.

Viðmælandi telur verkefnið hafa staðið undir þeim væntingum sem hann gerði til þess í upphafi en bendir þó á að erfitt sé að ná á marga af notendum Atvinnutorgs.

Það jákvæðasta sem viðmælandi sér við verkefnið er þegar notandi fær vinnu. Einnig greinir hann frá því að honum þyki skemmtilegt þegar meðmæli og hrós koma frá foreldrum.

Það sem betur mætti fara við framkvæmd verkefnisins að mati viðmælanda er samráð milli Atvinnutorganna fjögurra. Einnig finnst honum skorta samstarf milli velferðarráðuneytis, Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga þar sem Atvinnutorg er lagt upp sem samstarfsverkefni. Einnig nefnir hann að hálfgert úrræðaleyfi sé til staðar á Atvinnutorgi í Kópavogi þar sem skortur sé á starfsþjálfunarplássum og samstarfi við einkafyrirtæki. Notendur geti farið í starfsþjálfun hjá einkafyrirtækjum á meðan þeir eru á námskeiði í Molanum en það sé þá í takmarkaðan tíma.

Atvinnutorg í Hafnarfirði

1. Verkferli

Á Atvinnutorgi í Hafnarfirði eru einhver skráð verkferli sem ráðgjafi hefur sjálfur séð um að skrá. Notendum er vísað inn á Atvinnutorg Hafnarfjarðar frá Félagsþjónustu Hafnarfjarðar, Vinnumálastofnun, Flensborg, Iðnskólanum í Hafnarfirði, vinnuskóla bæjarins og Húsinu, sem er félagsmiðstöð fyrir ungt fólk í Hafnarfirði. Fólk sem hættir í námi og einstaklingar sem hafa engan bótarétt koma einnig inn á torgið. Eins hafa ungmenni komið inn af götunni og fengið ráðgjöf til dæmis við gerð ferilskrár. Ástæðan fyrir því að tilvísanir koma svo víða að er að sögn viðmælanda sú að markmið Atvinnutorgs í Hafnarfirði sé að hafa heildræna stefnu svo að það „týnist“ enginn og fólk sé gripið áður en það hverfur úr kerfinu.

Áður en Atvinnutorg Hafnarfjarðar var sett af stað fóru notendur á sex vikna virkinnámskeið. Hugmyndafræði torgsins var í raun til staðar og þótti aðstandendum þess æskilegt að fylgja henni áfram. Breytingin sem átti sér stað þegar Atvinnutorgi var komið á, var sú að starfshlutfall ráðgjafa á vegum Vinnumálastofnunar jókst úr tveimur dögum í þrjá daga vikunnar. Einnig var vinnustaðanámið sett inn sem úrræði. Þegar notandi kemur inn á Atvinnutorgið byrjar ráðgjafi á að senda hann á svokallað *Súrefnisnámskeið*, sem að sögn viðmælanda er alhliða virkinnámskeið. Námskeiðið varir í sex vikur og þar af tvær vikur þar sem notandinn fer í starfskynningu í því fyrirtæki sem hann hefur sjálfur valið sér,

„draumafyrirtækinu“. Eftir námskeiðið hittast ráðgjafi Atvinnutorgs, umsjónarmaður Súrefnisnámskeiðsins og félagsráðgjafar Félagsþjónustunnar og skipuleggja framhaldið fyrir notandann. Ef notandi er enn án atvinnu eftir námskeiðið kemur hann í viðtöl til ráðgjafa þar sem unnið er með einstaklingsmiðuð markmið. Stefnt er að því að gera markmiðasetninguna skriflega en enn sem komið er eru markmiðin aðeins rædd við notenda í viðtölum. Einnig er reynt að koma viðkomandi á sex mánaða starfsþjálfunarsamning undir leiðsögn. Þar vinnur notandinn í 50% starfshlutfalli og sér Hafnarfjarðarbær um að borga laun hans á meðan á starfsþjálfun stendur.

Úrræði

Eftirtalin úrræði eru í boði á Atvinnutorgi Hafnarfjarðar.

- 1. Súrefnisnámskeið:** Sex vikna virkninámskeið þar sem 12 til 15 manns taka þátt hverju sinni. Námskeiðið á sér stað að jafnaði frá 9.30 til 14.30 fjóra virka daga í viku. Markmiðið með námskeiðinu er að aðstoða ungt fólk í atvinnuleit, efla það og auka virkni þess. Þátttakendur eru með í því að móta námskeiðið og áherslur þess hverju sinni. Á námskeiðinu kynna sérfræðingar ýmsa þætti. Þar má helst nefna: Hópefli, ferilskrárgerð, félagsráðgjöf, líkamsrækt, námsráðgjöf, markmiðasetningu, ljósmyndun, atvinnuviðtalsæfingar og fjármálanámskeið. Einnig fá þátttakendur innsýn í matreiðslu, þar sem þeir útbúa hádegisverð undir leiðsögn matreiðslumanns. Tvær af sex vikum námskeiðsins fela í sér tveggja vikna starfskynningu í því fyrirtæki sem notendur hafa valið sér.
- 2. Vikuleg mæting á Atvinnutorg:** Þar sem notandi fær viðtöl við ráðgjafa og aðstoð við að sækja um störf.
- 3. Starfsþjálfun/Tímabundin ráðning:** Í allt að sex mánuði þar sem notandi starfar í 50% starfshlutfalli sem almennur starfsmaður undir leiðsögn. Hafnarfjarðarbær sér um að greiða laun notandans á meðan starfsþjálfun stendur.
- 4. Viðtöl við sálfræðing**
- 5. Starfsendurhæfing hjá Virk**

Einstaklingsmiðuð þjónusta og áætlun

Að sögn viðmælanda er mikil áhersla lögð á einstaklingsmiðaða þjónustu á Atvinnutorgi Hafnarfjarðar. Einstaklingsmiðuð þjónusta felst í því að vinna með einstaklingsmiðuð markmið sem rædd eru í viðtölum við ráðgjafa. Að sögn viðmælanda finnst honum skipta

mestu máli að notandinn fari ekki ráðalaus út, heldur sjái tækifærin, trúi á sjálfan sig og sé glaðari og vonbetri en þegar hann kom inn á Atvinnutorgið.

Skráning

Ráðgjafi skráir kerfisbundið upplýsingar um notendur sem eru í sex mánaða starfsþjálfun. Að auki skráir hann upplýsingar í Alsam, kerfi Vinnumálastofnunar, og í skýrslu viðkomandi notenda. Upplýsingarnar varða til að mynda mætingu í viðtöl og á hve mörgum stöðum viðkomandi hefur sótt um vinnu.

Atvinnutorg í Hafnarfirði er opið á þann hátt að ungmenni geta komið við og fengið ráð varðandi ferilskrá og annað. Sú innkoma er hins vegar ekki alltaf skráð, enda þótt henni sé fylgt eftir með tölvupóstum og viðkomandi fái jafnvel vinnu í kjölfarið. Þetta mætti bæta að sögn viðmælanda.

Eftirfylgni

Lítið er svo á að notandi sé hættur á Atvinnutorgi Hafnarfjarðar ef hann fær vinnu, hefur nám eða fer í starfsendurhæfingu. Ráðgjafi hefur samband, þó ekki á kerfisbundinn hátt, við þá sem detta út af einhverjum orsökum. Reynt er að beina þeim sem eru í neyslu í meðferð, þegar það er uppgötvað, og þeir upplýstir um að þeir séu velkomnir aftur á Atvinnutorg þegar þeir hafa tekið á sínum málum. Þeim er ráðlagt að fara í meðferð en fá ekki beina hjálp við það samkvæmt viðmælenda. Viðmælandi telur æskilegt að hafa aðgengi að áfengis- og fíkniefnaráðgjafa sem og ráðgjafa sem þekkir til tölvufiknar.

Að sögn viðmælanda er lítið um eftirfylgni með þeim notendum sem fara í vinnu á almennum vinnumarkaði eða í skóla. Hins vegar er lögð áhersla á eftirfylgni með notendum sem eru í sex mánaða starfsþjálfun á vegum Atvinnutorgs. Þá hefur ráðgjafi samband við vinnuveitendur einu sinni til tvisvar í viku, til að kanna mætingu og stöðu notenda. Ef þeir eru ekki að mæta þá eru þeir boðaðir í viðtal.

Notendur sem koma aftur inn á Atvinnutorgið eftir að hafa hætt

Viðmælandi greinir frá því að nokkrir notendur hafa komið inn á torgið eftir að þeir hafa hætt. Í þeim tilfellum eru þeir einungis í viðtölum hjá ráðgjafa.

Árangursmat

Ekki er tekin saman greinargerð um feril hvers þátttakenda við útskrift. Hins vegar er ASEBA skimunarlisti lagður fyrir notendur fyrir og eftir sex mánaða starfsþjálfun. Þó er ekki unnið

með þær niðurstöður á Atvinnutorgi, en ráðgjafi getur fengið niðurstöður þeirra ef innt er eftir því.

2. Notendur

Á Atvinnutorgi í Hafnarfirði er gerð sú krafa að mæting notenda á Súrefnisnámskeiðið sé í það minnsta 90% í þær sex vikur sem það stendur. Ef þeirri mætingarskyldu er náð fær notandinn aðgang að áframhaldandi þjónustu á Atvinnutorgi. Félagsþjónustan getur annars skert framfærslu um helming eins og notendum hefur verið gerð grein fyrir.

Notendur eiga að mæta í viðtöl á Atvinnutorg einu sinni í viku, en að sögn viðmælanda tekst það hins vegar ekki alltaf vegna manneklu. Í stöku tilfellum mætir notandi í tvö viðtöl á viku, ef ráðgjafi telur tilefni til.

Notendasamráð

Ráðgjafi Atvinnutorgs í Hafnarfirði leggur mikið upp úr notendasamráði. Hann segir notandann í raun hafa meira um markmiðin að segja en ráðgjafinn. Hugmyndin að markmiðum komi frá notanda og ráðgjafinn veiti hjálp til að móta þau.

3. Ráðgjafar Atvinnutorgs í Hafnarfirði

Á Atvinnutorgi í Hafnarfirði starfa tveir ráðgjafar. Annar sér þó aðallega um eldri hóp notenda 25 ára og eldri. Atvinnutorg Hafnarfjarðar tilheyrir Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar og því sinna ráðgjafar Atvinnutorgs ekki einungis notendum torgsins heldur einnig notendum Atvinnumiðstöðvarinnar.

Samkvæmt viðmælanda þá er misjafnt hversu marga notendur hann hefur á sínum snærum á viku. Hann greinir frá því að hann taki um 3-4 viðtöl á dag, stundum um 15-20 á viku. Að mati viðmælanda er vinnuálag hæfilegt. Álagið er að hans sögn kannski meira tengt því hversu erfiður notandahópurinn sé.

Kröfur sem gerðar eru til ráðgjafa Atvinnutorgs Hafnarfjarðar

Viðmælandi telur að gerðar séu kröfur um sjálfstæð vinnubrögð ráðgjafa á Atvinnutorgi. Viðmælandi skal halda utan um starfsemina fyrir unga fólkið í atvinnuleit. Viðmælandi segir jafnframt að hann hafi fengið mikið frelsi og finnur að honum sé treyst. Það þyki honum mjög jákvætt.

Þekking ráðgjafa á atvinnulausum ungmennum og á almannatryggingarkerfinu áður en hann hóf störf á Atvinnutorgi

Að sögn viðmælanda þá hafði hann enga þekkingu á almannatryggingakerfinu þegar hann hóf störf á Atvinnutorgi. Hins vegar hafði hann reynslu af því að vinna með ungu fólki. Hann segist þó hafa verið fljótur að tileinka sér þekkinguna sem hann þarfnaðist.

Fræðsla sem ráðgjafi fékk á vinnulagi Atvinnutorgs áður en hann hóf störf

Viðmælandi greinir frá því að hann hafi ekki fengið neinar upplýsingar um vinnulag eða kröfulýsingu Atvinnutorgs þegar það var sett á laggirnar í Hafnarfirði árið 2012.

Endurmenntun ráðgjafa eftir að hann hóf störf á Atvinnutorgi

Viðmælandi greinir frá því að hann hafi hlotið endurmenntun, meðal annars með því að skoða álíka starfsemi í Finnlandi. Einnig greinir hann frá því að hann sé að fara á markþjálfunarnámskeið (e. coaching) erlendis haustið 2013.

4. Vinnuaðstæður

Atvinnutorg í Hafnarfirði er hluti af Atvinnumiðstöð. Staðurinn er opinn öllum sem þangað vilja sækja aðstoð ráðgjafa. Komið er inn í setustofu og ómannaða móttöku. Út frá því rými eru skrifstofur ráðgjafa, en þeir hafa allir sér skrifstofur þar sem viðtöl þeirra fara fram.

Viðmælandi telur vinnuaðstæður og aðbúnað ágætan og greinir frá því að það séu kostir og gallar við það að hafa staðinn opinn. Það geri viðmótið vinsamlegt, en hins vegar geti hver sem er komið inn, þar á meðal fólk í annarlegu ástandi. Unnið hefur verið með öryggi starfsmanna og tryggt er að minnsta kosti tveir starfsmenn séu ávallt til staðar á skrifstofunni á opnunartíma.

5. Mat á þjónustu

Það sem skiptir mestu máli við þjónustu Atvinnutorgs að mati viðmælanda er einstaklingsmiðuð þjónusta. Að sögn viðmælanda er séð til þess að notandi fari ekki ráðalaus út, heldur sjái fleiri tækifæri en áður.

Viðmælandi greinir frá því að verkefnið hafi staðið undir þeim væntingum sem hann gerði til þess þegar hann hóf störf á torginu en verkefnið sé alltaf í þróun. Viðmælandi leit á Atvinnutorg sem viðbót við þá þjónustu sem fyrir var í Hafnarfirði og nefnir að með Atvinnutorgi fengu þau fleiri verkfæri sem nýtast í þjónustunni við notendur.

Það jákvæðasta að sögn ráðgjafa er hin einstaklingsmiðaða nálgun sem gerir það kleift að sjá hið einstaka í hverjum og einum.

Það sem betur mætti fara við framkvæmd verkefnisins að mati viðmælanda eru aukin tengsl milli torganna fjögurra. Viðmælandi nefnir í því samhengi að hægt væri að hafa sameiginleg eyðublöð og verkfæri sem ráðgjafar nýttu í vinnu sinni. Hins vegar veltir hann því fyrir sér hvort það sé grundvöllur fyrir slíku þar sem torgin eru svo ólík. Til að auðvelda samskipti nefnir viðmælandi að hægt væri að koma upp sameiginlegri Fésbókarsíðu. Annað sem viðmælandi telur að mætti betur fara er að Félagsþjónustan leggur ekki fyrir starfshæfnimat áður en notanda er vísað inn á torgið. Viðmælandi nefnir að slíkt gæti stýtt ferli notandans á torginu. Einnig greinir viðmælandi frá því að honum finnst hann of bundinn viðveru á opnunartíma Atvinnumiðstöðvarinnar og því geti hann ekki sinnt notendum í starfsþjálfun nægilega vel. Honum finnst miður að geta ekki keyrt á milli fyrirtækja og skoðað aðstæður og rætt við notendur og vinnuveitendur.

Atvinnutorg á Suðurnesjum

1. Verkferlið

Á Atvinnutorgi á Suðurnesjum er unnið með notendur eftir skráðum verkferlum. Notendum er vísað inn á Atvinnutorgið af Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar, Félagsþjónustu Sandgerðis og Garðs eða af Vinnumálastofnun. Einnig hafa foreldrar haft samband við ráðgjafa torgsins til að fá aðstoð fyrir börn sín. Eftir tilvísun koma notendur inn á Atvinnutorgið í fyrsta viðtal af þremur. Í fyrsta viðtali er Atvinnutorg kynnt fyrir notendum og þeir skrifa undir þátttökublað þar sem kemur fram hvaða kröfur torgið gerir til notandans. Einnig fylla ráðgjafar, ásamt notanda, út tilvísun þar sem grunnupplýsingar um hann koma fram. Í öðru viðtali eru ASEBA skimunarlistar lagðir fyrir notandann. Í þriðja viðtali aðstoða ráðgjafar notendur við að gera ferilskrá. Í öllum viðtölunum er lögð áhersla á að ráðgjafi spjalli við notandann og reyni að kynnast honum og fá upplýsingar um stöðu hans. Eftir viðtölin þrjú fara ráðgjafar yfir niðurstöður ASEBA og út frá þeim er reynt að meta stöðu notandans, það er hvar hann er staddur og hvort að hann sé vinnufær. Ef niðurstöður ASEBA gefa vísbendingar um að notandinn eigi við einhvern hamlandi vanda að stríða ræða ráðgjafar það við hann og meta hvort að viðkomandi sé tilbúinn til að vera á Atvinnutorgi eða hvort eigi að vísa honum í annað úrræði eða til baka til tilvísunaraðila. Ef ráðgjafar telja svo vera þá er notanda vísað til baka til ráðgjafadeildar Reykjanesbæjar. Ráðgjafar Atvinnutorgs reyna þó að

vinna með notandann áður en hann er sendur til baka, til að mynda með því að gefa honum tíma hjá sálfræðingi, geðlækni, eða hjá SÁÁ ráðgjafa í þeirri von að slík úrræði hjálpi honum að verða vinnufær. Ef upplýsingar sem fást úr fyrstu þremur viðtölunum benda til þess að notandinn sé vinnufær byrjar hann að mæta á Atvinnutorgið einu sinni í viku þar sem hann fær aðstoð ráðgjafa við að sækja um starf. Ráðgjafar benda notandanum á ýmis störf sem auglýst eru á Suðurnesjum. Notendur eru einnig hvattir til að sækja námskeið á vegum MSS, það er Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum á meðan hann er í atvinnuleit. Notandinn fær aðgang að lista yfir þau námskeið sem í boði eru hverju sinni. Þau námskeið sem notandi sækir um að komast á verða þó að vera atvinnutengd og auka möguleika viðkomandi á að komast í vinnu. Námskeiðskostnaður er borgaður úr atvinnupotti sem Atvinnutorg hefur aðgang að. Ráðgjafar Atvinnutorgs Suðurnesja aðstoða notendur einnig við að sækja um skóla og kynna fyrir þeim möguleika á námslánnum eða annarri framfærslu sem þeir hafa rétt á meðan á námi stendur.

Úrræði

Eftirfarandi úrræði eru í boði á Atvinnutorgi á Suðurnesjum:

1. **Vikuleg mæting:** Gerð er sú krafa til notenda Atvinnutorgs Suðurnesja að þeir sem ekki eru í öðrum úrræðum mæti að minnsta kosti einu sinni í viku á Atvinnutorg til að sækja um vinnu eða í viðtal hjá ráðgjafa.
2. **Vinnustaðanám:** Vinnustaðanámið er tveggja vikna launalaust úrræði í allt að 50% starfshlutfalli þar sem viðkomandi fær að kynnst því starfi sem hann hefur áhuga á. Atvinnutorg Suðurnesja er í samstarfi við ýmis fyrirtæki á Suðurnesjum þar sem notendur hafa kost á að komast í vinnustaðanám.
3. **Starfsþjálfun/Tímabundin ráðning:** Tímabundin ráðning er launuð starfsþjálfun sem getur varað í allt að sex mánuði. Notandinn hefur kost á að vinna í 50-100% starfshlutfalli, allt eftir því hversu háan bótarétt hann hefur. Lögð er áhersla á að notandinn sé meðvitaður um að starfsþjálfunin gefi honum tækifæri til að efla stöðu sína á vinnumarkaði og til að viðkomandi komi sér upp tengslaneti á vinnumarkaði.
4. **Viðtöl við sálfræðing, geðlækni eða SÁÁ ráðgjafa:** Ráðgjafar Atvinnutorgs geta vísað notendum sínum í viðtöl til sálfræðinga, geðlækna eða SÁÁ ráðgjafa ef metið er sem svo að það hjálpi viðkomandi.
5. **Björgin – Geðræktarmiðstöð Suðurnesja:** Ráðgjafar Atvinnutorgs hafa kost á því að vísa notendum áfram til Bjargarinnar ef þeir telja notandann ekki vinnufæran vegna geðræns vanda.

6. *Námskeið á vegum Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum (MSS)*: Notendur Atvinnutorgs á Suðurnesjum hafa aðgang að atvinnutengdum námskeiðum á vegum MSS. Með þátttöku á námskeiðunum komast notendur í virkni og geta aukið atvinnutengda möguleika sína. Á árinu 2013 bauð MSS í fyrsta skipti upp á fjögurra vikna námskeið í samvinnu við Atvinnutorg Suðurnesja. Námskeiðið var skylda fyrir þá notendur sem ekki voru komnir í sumarstarf og nýttu sér þjónustu Atvinnutorgs á þeim tíma. Á námskeiðinu var fjallað um atvinnuleit og hvernig best væri að haga sér í atvinnuviðtali, notendur fengu fræðslu um fjármál og sjálfstyrkingu. Einnig voru notendur teknir í áhugasviðspróf og fjallað var um mikilvægi hreyfingar.

Einstaklingsmiðuð þjónusta og áætlun

Á Atvinnutorgi Suðurnesja er einstaklingsmiðuð þjónusta höfð að leiðarljósi í vinnu ráðgjafanna með notandanum. Hins vegar eru ekki gerðar skriflegar einstaklingsmiðaðar áætlanir um markmið notandans með viðveru hans á torginu. Á Atvinnutorgi Suðurnesja felst einstaklingsmiðuð þjónusta í reglulegum viðtölum, sem og vikulegu spjalli. Einnig er gerð tilvísun fyrir hvern notanda þar sem ítarlegum spurningum um hann er svarað. *Lífsánægjustíttinn (Satisfaction with Life Scale, SWLS)* er einnig lagður fyrir notendur. Einnig hafa notendur greiðan aðgang að ráðgjöfum torgsins þar sem þeir hafa kost á því að mæta oftari en einu sinni í viku ef þeir hafa áhuga á því.

Skráning

Á Atvinnutorgi Suðurnesja sjá ráðgjafar alfarið um skráningu notenda. Ráðgjafarnir skrá mætingu og ýmsar aðrar upplýsingar tengdar notandanum í þar til gert Excel-skjal. Skráningin er að mati viðmælanda skilvirk og góð en nokkuð flókin. Því er starfsmaður Reykjanesbæjar að yfirfara skráningarkerfið til þess að gera það auðveldara í notkun og sjálfvirkara.

Eftirfylgni

Ráðgjafar Atvinnutorgs á Suðurnesjum leggja mikla áherslu á góða eftirfylgni á meðan notandi er í vinnutengdum úrræðum, það er að segja vinnustaðanami eða starfsþjálfun/tímabundinni ráðningu. Þá fer ráðgjafi reglulega á vinnustaðinn og talar við atvinnurekandann og notandann. Hins vegar eru engar reglur um hversu oft ráðgjafar fara á vinnustaði, að sögn viðmælanda þá gerist þetta bara nokkuð “spontant”. Eftirfylgni með notandanum er hins vegar engin eftir að hann hættir á Atvinnutorgi.

Notendur sem koma aftur inn á Atvinnutorgið eftir að hafa hætt

Viðmælandi greinir frá því að hann hafi ekki reynslu af slíkum tilfellum. En hann segir jafnframt að hann myndi byrja á því að setjast niður með notandanum og ræða málin. Hann myndi vilja fá upplýsingar um það af hverju viðkomandi hætti í starfinu eða ástæður fyrir uppsögn. Ef það kæmi í ljós að hann ætti við einhvern vanda að stríða þá yrði honum boðin aðstoð við að vinna úr honum, annaðhvort með samtölum við ráðgjafa torgsins, sálfræðinga eða viðtöl við vímuefnaráðgjafa ef hann ætti við neysluvanda að stríða.

Árangursmat

Starfsmenn Atvinnutorgs á Suðurnesjum gera ekki árangursmat fyrir hvern notanda eftir að hann hættir á torginu. Aftur á móti greinir viðmælandi frá því að það væri eitthvað sem ráðgjafarnir þyrftu að taka upp. Hann nefnir í því samhengi að gagnlegt væri að leggja ASEBA listana fyrir aftur og sjá hvort að breyting sé á viðkomandi frá því að hann byrjar á torginu og þegar hann hættir. Með því mætti sjá hvort að úrræðið hafi bætt líðan viðkomandi.

2. Notandinn

Kröfur sem gerðar eru til notandans

Hver notandi skrifar undir þátttökublað þegar hann kemur á Atvinnutorgið í fyrsta skiptið. Á þátttökublaðinu eru útlistaðar þær kröfur sem gerðar eru til notandans. Sú krafa er gerð að notendur Atvinnutorgs mæti að minnsta kosti einu sinni í viku á torgið og mæti í að minnsta kosti 80% tilvika. Ef viðkomandi mætir ekki reyna ráðgjafar endurtekið að ná í viðkomandi og benda honum á þær afleiðingar sem léleg mæting hefur í för með sér. Eftir það er mæting hans tilkynnt til Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar eða Vinnumálastofnunar eftir því hvar viðkomandi er skráður. Í kjölfarið getur viðkomandi fengið skerta fjárhagsaðstoð eða misst bótarétt sinn tímabundið hjá Vinnumálastofnun. Ef skert fjárhagsaðstoð eða missir bóta dugar ekki til þess að fá viðkomandi til að mæta á Atvinnutorgið er notandanum vísað til baka til tilvísunaraðila.

Önnur krafa sem Atvinnutorg á Suðurnesjum gerir á notendur sína er að þeir séu í virkni. Ráðgjafarnir bjóða hverjum notanda að fara á námskeið eða önnur úrræði sem þeir telja að henti hverjum og einum, eftir því hvar notendurnir eru staddir og hverju þeir hafa áhuga á.

Notendasamráð

Ráðgjafar Atvinnutorgs á Suðurnesjum leggja upp með að neyða aldrei neinn til að gera eitthvað sem hann vill ekki svo lengi sem hann er í virkni heldur kynna þau tækifæri sem standa til boða hverju sinni. Notandinn hefur því margt að segja um þá þjónustu hann fær á Atvinnutorginu.

3. Ráðgjafar Atvinnutorgs á Suðurnesjum

Á Atvinnutorgi Suðurnesja starfa tveir ráðgjafar. Hvor ráðgjafi hefur um 10 skjólstæðinga hjá sér í viðtölum á viku. Hins vegar greinir viðmælandi frá því að fjöldi notenda sé mjög breytilegur og jafnvel árstíðabundinn þar sem fleiri notendur eru yfir vetrartímam heldur en á sumrin. Einnig greinir hann frá því að um tíma árið 2012 hafi hann haft um 35 notendur á sínum snærum að meðaltali á viku. Á þeim tíma hafi honum þótt álagið heldur mikið og fundist hann missa yfirsýn yfir alla notendurna. Það hafi honum ekki þótt gott. En annars segir hann álagið ekki vera mikið. Einnig greinir hann frá því að það hafi dregið úr tilvísunum á Atvinnutorg Suðurnesja frá því sem var árið 2012. Viðmælandi telur staðsetningu torgsins spila þar inn í þar sem það er ekki á sama stað og önnur þjónusta Félagsþjónustunnar í Reykjanesbæ og því gæti það hafa gleymst, sérstaklega hjá Vinnumálastofnun. Á hinn bóginn greinir viðmælandi frá því að ráðgjafarnir séu duglegir að minna á Atvinnutorgið og sækjast eftir því að fá fleiri notendur til sín.

Kröfur sem gerðar eru til ráðgjafa Atvinnutorgs á Suðurnesjum

Að sögn viðmælanda þá eru kröfurnar helst þær að hjálpa notendum sem vísað er til þeirra við að komast í virkni. Hann segist þurfa að vinna sjálfstætt, vera úrræðagóður, skipulagður og samviskusamur til að geta sinnt starfinu sem skyldi.

Þekking ráðgjafa á atvinnulausum ungmennum og á almannatryggingarkerfinu áður en hann hóf störf á Atvinnutorgi

Áður en viðmælandi hóf störf á Atvinnutorgi hafði hann enga reynslu í því að vinna með atvinnulausum ungmennum eða á almannatryggingarkerfinu. Hann greinir frá því að reynsluleysi hans hafi hamlað honum í starfi fyrst um sinn en í dag sé hann búinn að læra mikið af reynslunni. Hann greinir þó frá því að hann eigi enn eftir að fullkomna þekkingu sína en að yfirmaður hans hafi reynst honum vel.

Fræðsla sem ráðgjafi fékk á vinnulagi Atvinnutorgs áður en hann hóf störf

Viðmælandi hefur starfað á Atvinnutorgi Suðurnesja frá upphafi og greinir frá því að þegar hann byrjaði hafi ekkert vinnulag verið til staðar og að ráðgjafar hafi haft takamarkaðar upplýsingar til að byggja á. Hann kveðst þó hafa fengið upplýsingar um hugmyndafræðina á bak við Atvinnutorgið, það er upplýsingar um sænsku fyrirmyndina.

Endurmenntun ráðgjafa eftir að hann hóf störf á Atvinnutorgi

Viðmælandi greinir frá því að hann hafi farið á námskeiðið *Árangursrík samskipti* hjá Endurmenntun Háskóla Íslands eftir að hann hóf störf á Atvinnutorgi. Hann segir að sá lærdómur sem hann hlaut á námskeiðinu nýtist honum í starfi sínu.

4. Vinnuaðstæður

Atvinnutorgið er eitt stórt rými þar sem ráðgjafarnir hafa sitthvort skrifborðið og tölvuna. Lítið tölvuborð er einnig í rýminu með tölvu sem notendur nota í atvinnuleit með ráðgjafa sínum. Ráðgjafarnir hafa einnig aðgang að skrifstofu/viðtalsherbergi sem geðlæknir og SÁÁ ráðgjafi nota. Einnig hafa ráðgjafarnir aðgang að sal í húsinu. Í sama húsi er Björgin - Geðræktarmiðstöð staðsett og í kring eru þjónustuíbúðir fyrir fólk með geðrænan vanda.

Viðmælandi segist vera ánægður með staðsetningu Atvinnutorgsins. Hann segir starfsumhverfi torgsins vera gott fyrir notendur þess og segir þá hafa orð á því að staðurinn sé góður og að þar líði þeim vel.

5. Mat ráðgjafa á þjónustu Atvinnutorgs Suðurnesja

Það sem viðmælandi nefnir að skipti mestu máli við þá þjónustu sem í boði er á Atvinnutorgi á Suðurnesjum sé að koma notendum í virkni og láta þá ekki sitja heima afskiptalaus. Einnig bendir hann á mikilvægi þess að breyta viðhorfum hópsins til fjárhagsaðstoðar og annarra bóta svo sem atvinnuleysisbóta þar sem algengt er að notendum finnist sjálfsagt mál að sitja heima og fá bætur án þess að leggja neitt af mörkum.

Viðmælandi kveðst ekki hafa farið inn í verkefnið með neinar væntingar en segir hins vegar að hann sjái að þetta sé að virka mjög vel og sé mjög þarft verkefni.

Það jákvæðasta við verkefnið nefnir viðmælandi að sé það að geta bent notendum á þau úrræði sem þeim standa til boða í tengslum við vinnu og nám og að geta aðstoðað þau við að finna vinnu. Einnig finnst honum gott að geta ýtt við notendum sem hafa verið óvirkir í langan tíma og hjálpað þeim við að komast í virkni.

Það sem betur mætti fara við framkvæmd verkefnisins að mati viðmælanda er að mikilvægt sé að fjölga tilvísunum inn á torgið. Einnig bendir hann á að samskipti við yfirmenn mættu vera meiri. Hann greinir einnig frá því að erfitt sé að þjónusta yngstu notendur torgsins, þá sem eru á aldrinum 16 til 17. Lítið er um úrræði fyrir þann hóp þar sem þeir eigi ekki rétt á fjárhagsaðstoð eða bótum og hafa þar af leiðandi enga peninga á bak við sig. Að lokum bendir viðmælandinn á að ráðgjafar torgsins hafi ekki mikla reynslu af vinnu með þennan hóp og því mætti fræða þá betur og benda þeim á ýmislegt sem þeir gætu nýtt sér í vinnu sinni.

Tölulegar upplýsingar Atvinnutorga fyrir árið 2012

Eftirfarandi upplýsingar fengust frá tengiliðum á Atvinnutorgunum í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og á Suðurnesjum.

Heildarfjöldi notenda Atvinnutorga árið 2012

Tafla 1. Heildarfjöldi notenda árið 2012 eftir Atvinnutorgum (N=473)

	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	226	47,8%
Kópavogur	83	17,5%
Hafnarfjörður	90	19,0%
Suðurnes	74	15,6%

Heildarfjöldi notenda Atvinnutorga árið 2012 var 473. Flestir notendur voru skráðir á Atvinnutorg í Reykjavík eða 226 (47,8%) talsins. Svipaður fjöldi var á Atvinnutorgi í Kópavogi, Hafnarfirði og á Suðurnesjum eða í kringum 80 talsins.

Tafla 2. Heildarfjöldi notenda eftir kynjum og Atvinnutorgum (N=473)

Atvinnutorg	Kyn	
	Karl	Kona
Reykjavík	164 (72,6%)	62 (27,4%)
Kópavogur	55 (66,3%)	28 (33,7%)
Hafnarfjörður	59 (65,6%)	31 (34,4%)
Suðurnes	51 (68,9%)	23 (31,1%)

Eins og sjá má á töflu 2 þá var mikill kynjahalli á öllum Atvinnutorgum árið 2012. Kynjahlutfallið var nokkuð jafnt milli torga þar sem um 70% notenda voru karlar en 30% konur.

Tafla 3. Heildarfjöldi notenda eftir aldri og Atvinnutorgum (N=473)

Atvinnutorg	Aldur		
	16-17 ára	18-24 ára	25 ára og eldri
Reykjavík	7 (3,1%)	193 (85,4%)	26 (11,5%)
Kópavogur*	4 (3,7%)	65 (79,3%)	14 (16,9%)
Hafnarfjörður	5 (5,5%)	80 (80,9%)	5 (5,5%)
Suðurnes	2 (2,7%)	61 (82,4%)	11 (14,9%)

*ATH. Einn notandinn var 15 ára

Tafla 3 sýnir að flestir notendur Atvinnutorga árið 2012 voru á aldrinum 18 til 24 ára eða 84% allra notanda. Fæstir notendur voru á aldrinum 16 til 17 ára eða tæp 4%. Aldursskipting notenda var sambærileg milli Atvinnutorganna fjögurra. Þrátt fyrir að einn notandi Atvinnutorgs í Kópavogi hafi verið 15 ára var hann settur í yngsta aldurshópinn.

Tilvísunaraðili

Notendum var vísað inn á Atvinnutorg af mismunandi aðilum en eftirfarandi upplýsingar sýna hver skipting þeirra var fyrir árið 2012.

Tafla 4. Heildarfjöldi notenda eftir tilvísunaraðilum og Atvinnutorgum

Tilvísunaraðili	Atvinnutorg			
	Reykjavík	Kópavogur	Hafnarfjörður	Suðurnes
Félagsþjónusta sveitarfélaganna	161(71,2%)	46 (55,4%)	35 (38,9%)	48 (64,9%)
Vinnumálastofnun	61(27,0%)	12 (14,5%)	48 (53,3%)	11 (14,9%)
Fjölsmiðjan	4 (1,7%)	0 (0,0%)	0 (0,0%)	2 (2,7%)
Skóli	0* (0,0%)	0 (0,0%)	1 (1,1%)	0 (0,0%)
Af sjálfsdáðum eða foreldrar/forráðamenn	0* (0,0%)	25 (30,1%)	6 (6,7%)	6 (8,1%)
Starfsendurhæfing	0* (0,0%)	0 (0,0%)	0 (0,0%)	0 (0,0%)

*ATH – Reykjavík: Í Reykjavík var farið nákvæmlega eftir kröfulýsingu á árinu 2012 þannig að í tilfalli hvers og eins var hann merktur löglegum tilvísunaraðila sem er Vinnumálastofnun, Félagsþjónustan í Reykjavík og Fjölsmiðja. Í einhverju tilfellum komu einstaklingar af sjálfsdáðum eða að foreldrar hringdu fyrir einstaklinga. Þeim var þó alltaf vísað í viðtal til Vinnumálastofnunar og þaðan inn á Atvinnutorg svo þeir eru merktir Vinnumálastofnun (Athugasemd frá verkefnisstjóra Atvinnutorgs í Reykjavík).

Flestar tilvísanir árið 2012 komu frá félagsþjónustu sveitarfélaganna eins og sjá má í töflu 4 eða samanlagt 61,3% notenda af öllum Atvinnutorgunum fjórum. Stærstum hluta notenda á Atvinnutorgi í Reykjavík, Kópavogi og á Suðurnesjum var vísað þangað af félagsþjónustu sveitarfélaganna. Hins vegar var flestum notendum vísað inn á Atvinnutorg í Hafnarfirði af Vinnumálastofnun.

Notendur sem hætt hafa í verkefninu árið 2012

Markmið Atvinnutorga er að koma notendum sínum í vinnu eða nám. Hins vegar reynast ástæður þess að notandi hættir í verkefninu þó fleiri. Eftirfarandi upplýsingar fengust um heildarfjölda þeirra notenda sem hættu í verkefninu á árinu 2012 og ástæður fyrir því af hverju þeir hættu í verkefninu.

Tafla 5. Heildarfjöldi notenda sem hættu í verkefninu eftir Atvinnutorgum

	Fjöldi	Hlutfall*
Reykjavík	131	58,0%
Kópavogur	35	42,1%
Hafnarfjörður	66	73,3%
Suðurnes	67	90,5%

*ATH. Hlutfall af þeirri heild sem byrjaði í verkefninu árið 2012 á viðkomandi Atvinnutorgi

Alls hættu 299 notendur í verkefninu árið 2012 eða 63,2% þeirra notenda sem nýttu sér þjónustu Atvinnutorga það ár. Hlutfall þeirra notenda sem hættu í verkefninu er þó ólíkt milli Atvinnutorga. Hlutfallslega hættu flestir á Atvinnutorgi á Suðurnesjum eða 90,5% en hlutfallslega færstir á Atvinnutorgi í Kópavogi eða 42,1%, eins og sjá má í töflu 5.

Tafla 6. Mögulegar ástæður þess að hætt var í verkefninu eftir Atvinnutorgum

Tilvísunaraðili	Atvinnutorg			
	Reykjavík	Kópavogur	Hafnarfjörður	Suðurnes
Starf á almennum vinnumarkaði	78 (59,5%)	7 (20,0%)	41 (62,1%)	32 (47,8%)
Nám	13 (9,9%)	12 (34,3%)	8 (12,1%)	5 (7,5%)
Brottflouttur	8 (6,1%)	2 (5,7%)	8 (12,1%)	8 (11,9%)
Af sjálfsdáðum	20 (15,3%)	2 (5,7%)	3 (4,5%)	9 (13,4%)
Vísað frá – stóðst ekki kröfur	12 (9,2%)	1 (2,9%)	0 (0,0%)	0 (0,0%)
Vísað frá – heilsufarsástæður	0 (0,0%)	5 (14,3%)	2 (3,0%)	7 (10,5%)
Vísað í starfsendurhæfingu	- *	0 (0,0%)	4 (6,0%)	2 (2,3%)
Vísað í önnur úrræði	- *	5 (14,3%)	0 (0,0%)	3 (4,5%)
Annað	- *	1 (2,9%)	0 (0,0%)	1 (1,5%)

*ATH – Reykjavík: Þegar einstaklingi er vísað í önnur úrræði þá er hann ennþá á Atvinnutorgi. Í

Reykjavík er litið á stuðningsúrræði sem hluta af áætlun á Atvinnutorgi svo stjórnmerktir liðir (*) eiga ekki við um Atvinnutorg í Reykjavík (Athugasemd frá verkefnastjóra Atvinnutorgs í Reykjavík).

Eins og sjá má í töflu 6 þá eru ýmsar ástæður fyrir því að notandi hætti í verkefninu árið 2012 eins og ráðning í starf á almennum vinnumarkaði, til að hefja nám, notandi fluttist burt úr viðkomandi sveitarfélagi eða var vísað frá vegna þess að hann stóðst ekki þær kröfur sem Atvinnutorgið gerði til hans. Samkvæmt töflu 6 þá virðist samt vera sem flestir notendur, sem hættu í verkefninu árið 2012 hafi hætt vegna þess að þeir fóru í starf á almennum vinnumarkaði eða til að hefja nám.

Þar sem meginmarkmið Atvinnutorganna er að koma notendum sínum í vinnu eða nám var ákveðið að taka saman hversu hátt hlutfall þeirra sem nýttu sér þjónustu Atvinnutorga árið 2012 hafi farið í vinnu eða nám. Niðurstöður má sjá í töflu 7.

Tafla 7. Heildarfjöldi þeirra sem hafa hætt vegna ráðningar í starf

á almennum vinnumarkaði eða hafa farið í nám		
	Fjöldi	Hlutfall*
Reykjavík	91	40,2%
Kópavogur	19	22,9%
Hafnarfjörður	49	54,4%
Suðurnes	37	50,0%

*ATH. Hlutfall af þeirri heild sem byrjaði í verkefninu árið 2012 á viðkomandi Atvinnutorgi

Eins og sjá má í töflu 7 þá hættu hlutfallslega flestir notendur Atvinnutorgs í Hafnarfirði árið 2012 til að fara í starf á almennum vinnumarkaði eða til að hefja nám eða 54,4%. Hlutfallslega hættu fæstir á Atvinnutorgi í Kópavogi vegna ráðningar í starf á almennum vinnumarkaði eða til að hefja nám eða 22,9% notenda.

Upplýsingar um störf í tengslum við starfsþjálfunarsamninga

Atvinnutorgin fjögur hafa það sameiginlegt að bjóða upp á starfsþjálfun/tímabundna ráðningu fyrir notendur sína á meðan þeir eru á torginu. Eftirfarandi upplýsingar fengust frá Atvinnutorgum um störf í tengslum við slík úrræði.

a. Hjá sveitarfélaginu

	Reykjavík	Kópavogur	Hafnarfjörður	Suðurnes
Fjöldi starfa	38	10	12	3
Algengasta starfið	Almenn umhirðustörf	Kópavogsvellir	Þjónustustörf	Verkamannastörf
Næst algengasta starfið	Almenn verkamanna - störf			

b. Á almennum vinnumarkaði

	Reykjavík	Kópavogur	Hafnarfjörður	Suðurnes
Fjöldi starfa	7	0	0	21
Algengasta starfið	Tölvustörf			Verkamannastörf
Næst algengasta starfið	Byggingarvinna			

c. Hjá ríkinu

	Reykjavík	Kópavogur	Hafnarfjörður	Suðurnes
Fjöldi starfa	0	0	1	0
Algengasta starfið			Þjóðleikhúsið	
Næst algengasta starfið				

Eins og sjá má þá gerði Atvinnutorg í Reykjavík flesta starfsþjálfunarsamninga fyrir notendur sína á árinu 2012 eða 45 talsins, þar af voru 38 hjá Reykjavíkurborg og 7 á almennum vinnumarkaði. Atvinnutorg í Kópavogi gerði fæsta starfsþjálfunarsamningum fyrir notendur sína eða 10 og voru þeir allir á vegum Kópavogsbæjar.


Niðurstöður – Seinni hluti

Eftirfarandi niðurstöður eru unnar úr símaviðtölum við þátttakendur rannsóknarinnar sem voru á Atvinnutorgum árið 2012.

Vert er að benda á að misræmis gætir í upplýsingum varðandi fjölda notenda Atvinnutorga árið 2012. Samkvæmt tölulegum upplýsingum frá Atvinnutorgum var heildarfjöldi notenda 473 en samkvæmt notendalistum sem fengnir voru frá Atvinnutorgum til úthringinga var heildarfjöldinn 471. Sá heildarfjöldi sem fékkst með listunum var notaður í úrvinnslu gagna í seinni hluta rannsóknarinnar.

Lýsandi tölfræði

1. Dreifing þátttakenda



Mynd 1. Dreifing þátttakenda

Árið 2012 voru notendur Atvinnutorga 471 talsins samkvæmt notendalistum sem fengnir voru frá Atvinnutorgunum. Reynt var að hringja í þá alla. Af heildarfjölda voru 229 sem tóku þátt sem samsvarar 48,4 % svarhlutfalli. Af þeim voru þrír sem ekki luku við að svara könnuninni, eða svöruðu ekki öllum spurningunum, sem skýrir ólíkan fjölda í töflum. Lagt var upp með að hringja fimm sinnum í hvern notanda í heildina ef ekki náðist í þá. Ekki náðist í 207 notendur sem jafngildir 44% allra notenda árið 2012. Alls 30 einstaklingar vildu ekki taka þátt í könnuninni og 11 töluðu ekki íslensku og voru þess vegna ekki beðnir um að taka þátt.

Tafla 8. Dreifing þátttakenda eftir Atvinnutorgum

(N=471)


	Fjöldi	Tóku þátt	Vildu ekki taka þátt	Náðist ekki í	Tala ekki íslensku	Svarhlutfall
Reykjavík	226	123	5	89	9	54,4 %
Kópavogur	83	20	17	45	1	24,1 %
Hafnarfjörður	87	45	4	42	1	46,0 %
Suðurnes	75	40	4	31	0	53,3 %

Alls tóku 123 notendur frá Atvinnutorgi í Reykjavík þátt eða 54,4% notenda árið 2012. Aðeins fimm notendur afþökkuðu þátttöku og ekki náðist í 89 einstaklinga.

Aðeins náðist í 20 notendur frá Atvinnutorgi í Kópavogi eða 24,1% notenda. Af þeim sem ekki vildu taka þátt voru flestir frá Atvinnutorgi Kópavogs. Margir þeirra töldu sig ekki getað svara spurningunum vegna þess hversu stutt þeir voru á Atvinnutorgi eða könnuðust einfaldlega ekki við torgið, þrátt fyrir að reynt væri að útskýra hvað um ræddi.

Alls tóku 45 notendur frá Atvinnutorgi í Hafnarfirði þátt sem jafngildir 46% notenda árið 2012. Ekki náðist í 42 notendur og fjórir afþökkuðu þátttöku.

Í heildina tóku 40 notendur frá Atvinnutorgi á Suðurnesjum þátt sem jafngildir 53,3% notenda árið 2012.

**Mynd 2.** Kynjahlutfall svarenda

Fleiri karlar en konur tóku þátt í rannsókninni eða 152 karlar (67%) og 74 konur (33%).

Tafla 9. Hlutfall svörunar eftir aldri (N=226)

	Fjöldi	Hlutfall
16 – 20 ára	72	31,9%
21 – 25 ára	133	58,8%
26 – 30 ára	21	9,3%

Aldursdreifing þátttakenda var heldur misjöfn þar af voru fæstir þátttakenda í elsta hópnum, eða einungis 21 (9,3%). Flestir þátttakendur voru í miðjuhópnum, eða 133 manns (58,8%). Yngsti þátttakandinn var 17 ára en sá elsti 28 ára. Meðalaldur svarenda rannsóknarinnar var 22 ár.

2. Bakgrunnur þátttakenda

Tafla 10. Menntun þátttakenda. (N=223)

Menntun	Fjöldi	Hlutfall
Ekki lokið grunnskólaprófi	11	4,9%
Lokið grunnskólaprófi	188	84,3%
Lokið framhaldsskólaprófi eða iðnnámi	21	9,4%
Lokið háskólaprófi á framhaldsstigi	0	0%
Annað	3	1,3%

Menntunarstig þátttakenda var almennt lágt eins og sjá má í töflu 10. Alls höfðu 188 þátttakendur (84,3%) lokið grunnskólaprófi. Alls hafði 21 lokið stúdentsprófi eða iðnnámi (9,4%) og enginn hafði lokið háskólaprófi.

Tafla 11: Búseta við skráningu á Atvinnutorg (N=215)

	Fjöldi	Hlutfall
Eigin húsnæði	6	2,8%
Leiguhúsnæði	85	39,5%
Foreldrahúsum	107	49,8%
Vini eða ættingja	11	5,1%
Húsnæðislaus	6	2,8%
Veit ekki	0	0%

Í töflu 11 má sjá hver búseta þátttakenda var við skráningu á Atvinnutorg. Flestir voru búsettir hjá foreldrum, eða 107 manns (49,8 %). Þar næst voru 85 búsettir í leiguhúsnæði (39,5%) og 11 manns hjá vinum eða ættingjum (5,1%). Fæstir voru búsettir í eigin húsnæði eða voru húsnæðislausir.

Tafla 12. Hjúskaparstaða við skráningu á Atvinnutorg (N=223)

	Fjöldi	Hlutfall
Einhleyp/ur	167	76,3%
Í sambandi	50	22,8%
Veit ekki	2	0,9%

Í töflu 12 má sjá að flestir voru einhleypir við skráningu á Atvinnutorg, eða 167 manns (76,3%). Aftur á móti voru 50 manns í sambandi (22,8%).

Tafla 13. Fjöldi barna við skráningu á Atvinnutorg (N=216)

	Fjöldi	Hlutfall
Engin börn	181	83,8%
Eitt barn	28	13%
Tvö börn	7	3,2%
Þrjú eða fleiri	0	0%


Í töflu 13 kemur fram að 181 þátttakandi átti engin börn við skráningu á Atvinnutorg, eða 83,8%. Þeir sem áttu eitt barn við skráningu voru 28 manns, eða 13% þátttakenda. Aðeins sjö þátttakendur áttu tvö börn við skráningu á Atvinnutorg, eða 3,2%.

Tafla 14. Hversu lengi án vinnu eða frá námi við skráningu á Atvinnutorg (N=217)

	Fjöldi	Hlutfall
0 – 6 mánuði	97	44,7%
7 – 12 mánuði	44	20,3%
13 – 18 mánuði	24	11,1%
19 – 36 mánuði	31	14,3%
Meira en þrjú ár	18	8,3%
Veit ekki	3	1,4%

Fæstir þátttakendur höfðu verið án vinnu eða skóla í meira en þrjú ár, eða 18 manns (8,3%). Flestir höfðu verið án vinnu eða skóla í 0 – 6 mánuði, eða 97 manns (44,7%). Ef litið er á niðurstöður í töflu 14 sést að fjöldi þátttakenda fer minnkandi eftir því sem fleiri mánuðir líða frá því að viðkomandi hættir í vinnu eða námi, fyrir utan bilið 19-36 mánuðir.

3. Staða þátttakenda



Mynd 3. Staða þátttakenda


Alls voru 98 þátttakendur (43%) í vinnu þegar rannsóknin var framkvæmd. Alls 47 voru á Atvinnutorgi (20,6%). Í heildina voru 45 þátttakendur (19,7%) án atvinnu. Alls 20 þátttakendur voru í skóla (8,8%) og 11 óvinnufærir (4,8%). Sjö voru í fæðingarorlofi (3,1%).

Tafla 15. Staða notenda eftir torgum


(N=228)

	Reykjavík	Kópavogur	Hafnarfjörður	Suðurnes
Á Atvinnutorgi	35 (28,5%)	2 (10%)	7 (15,6%)	3 (7,5%)
Í vinnu	39 (31,7%)	14 (70%)	21 (46,7%)	24 (60%)
Í skóla	15 (12,2%)	0 (0%)	1 (2,2%)	4 (10%)
Óvinnufær	6 (4,9%)	1 (5%)	2 (4,4%)	2 (5%)
Án vinnu	25 (20,3%)	2 (10%)	12 (26,7%)	6 (15%)
Í fæðingarorlofi	3 (2,4%)	1 (5%)	2 (4,4%)	1 (2,5%)

Þegar staða þátttakenda á Atvinnutorgi í Reykjavík er skoðuð sést að flestir voru í vinnu, eða 31,7%. Alls voru 12,2% þátttakenda í námi og 20,3% án atvinnu. Í Kópavogi voru flestir þátttakenda í vinnu, eða 70%. Enginn þátttakenda var í námi. Þegar skoðaðar eru niðurstöður fyrir Hafnarfjörð sést að flestir voru í vinnu, eða 46,7% þátttakenda. Einn þátttakandi var í námi og 12 manns án atvinnu. Á Suðurnesjum voru flestir þátttakenda í vinnu, eða 60%. Sex voru án vinnu (15%) og fjórir voru í skóla (10%).

**Mynd 4.** Hjálpaði Atvinnutorg við að komast í vinnu

Á mynd 4 sést hversu margir af þeim sem voru í vinnu þegar rannsókn var gerð töldu Atvinnutorg hafa hjálpað sér við að komast í vinnu. Af þeim 97 þátttakendum sem svöruðu þessari spurningu voru 56 sem töldu Atvinnutorg hafa hjálpað sér að komast í vinnu, en 41 taldi svo ekki vera.




Mynd 5. Hjálpaði Atvinnutorg við að komast í skóla

Þeir þátttakendur sem voru í skóla á meðan rannsókn var gerð voru 20 talsins. Af þeim töldu 80% að Atvinnutorg hefði ekki hjálpað sér við að komast í nám.

Tafla 16. Hvernig notendur framfleyta sér í námi (N=20)


	Fjöldi	Hlutfall
Námslán frá LÍN	3	15%
Námsframfærsla frá félagsþjónustunni	12	60%
Vinna með skóla	3	15%
Frá foreldrum	1	5%
Annað	1	5%

Af þeim 20 sem voru í skóla fengu flestir aðstoð frá félagsþjónustunni við að framfleyta sér. Þrír þátttakenda þáðu námslán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna og þrír unnu með skóla.




Mynd 6. Skráð/ur óvinnufær

Alls 11 þátttakendur voru óvinnufærir, þar af voru átta (73%) skráðir óvinnufærir að eigin sögn og þrír voru ekki skráðir.




Mynd 7. Hvernig óvinnufærir framfleyta sér

Á mynd 7 má sjá að 73% af þeim sem voru skráðir óvinnufærir nutu aðstoðar frá félagsþjónustu við að framfleyta sér, eða átta manns. Tveir einstaklingar fengu bætur frá tryggingastofnun ríkisins (18%) og einn kvaðst ekki vita hvaðan hann fékk peninga til að framfleyta sér (9%).



Mynd 8. Hlutfall þeirra sem fóru í vinnustaðanám eða starfsþjálfun/tímabundna ráðningu á vegum Atvinnutorga

Á mynd 8 kemur fram að 89 þátttakendur (39%) fóru í vinnustaðanám eða starfsþjálfun/tímabundna ráðningu á vegum Atvinnutorga. Alls svöruðu 226 manns spurningunni.



Mynd 9. Vinnustaðanám eða starfsþjálfun/tímabundin ráðning á vegum Atvinnutorgs skipt milli torga

Á mynd 9 má sjá að hlutfallslega fóru flestir í vinnutengd úrræði á vegum Atvinnutorga í Reykjavík og Hafnarfirði, en hlutfallslega fæstir á vegum Atvinnutorgs í Kópavogi.

Tafla 17. Staða þátttakenda eftir kyni (N=226)

Staða	Kyn	
	Karl	Kona
Á Atvinnutorgi	38 (25,0%)	9 (12,2%)
Í vinnu	66 (43,4%)	30 (40,5%)
Í námi	11 (7,2%)	9 (12,2%)
Óvinnufær	7 (4,6%)	4 (5,4%)
Atvinnulaus	29 (19,1%)	16 (21,6%)
Í fæðingarorlofi	1 (0,7%)	6 (8,1%)

Hér má sjá að 50,6% karlkyns þátttakenda voru í vinnu eða námi þegar rannsókn var gerð. Alls voru 19,1% karla atvinnulausir, fjórðungur á Atvinnutorgi og 4,6% voru óvinnufærir. Hvað varðar konurnar, þá voru 52,7% þeirra í námi eða vinnu. Alls voru 21,6% atvinnulausar. Alls 12,2% þeirra voru á Atvinnutorgi, en 5,4% þeirra voru óvinnufærar. Sex konur voru í fæðingarorlofi og einn karl.

Tafla 18. Staða þátttakenda eftir aldri (N=226)

Staða	Aldur		
	16-20 ára	21-25 ára	26-30 ára
Á Atvinnutorgi	19 (26,4%)	21 (15,8%)	7 (33,3%)
Í vinnu	28 (38,9%)	61 (45,9%)	7 (33,3%)
Í námi	6 (8,3%)	11 (8,3%)	3 (14,3%)
Óvinnufær	4 (5,6%)	6 (4,5%)	1 (4,8%)
Atvinnulaus	13 (18,1%)	30 (22,6%)	2 (9,5%)
Í fæðingarorlofi	2 (2,8%)	4 (3,0%)	1 (4,8%)

Í töflu 18 kemur fram að 47,2% þátttakenda milli 16 og 20 ára voru í vinnu eða námi. Heldur fleiri eldri þátttakendur, þeir sem voru 21 til 25 ára, voru í vinnu eða námi eða alls

54,2%. Af þeim elstu, 26 til 30 ára, voru hins vegar 47,6% í vinnu eða námi. Hins vegar var hæst hlutfall atvinnulausra í miðhópnum.

Tafla 19. Staða þátttakenda eftir hjúskaparstöðu

(N=219)

Staða	Hjúskaparstaða		
	Einhleypur	Í sambandi	Veit ekki
Á Atvinnutorgi	36 (21,6%)	9 (18,0%)	1 (50,0%)
Í vinnu	70 (41,9%)	22 (44,0%)	1 (50,0%)
Í námi	13 (7,8%)	7 (14,0%)	0 (0,0%)
Óvinnufær	8 (4,8%)	3 (6,0%)	0 (0,0%)
Atvinnulaus	36 (21,6%)	6 (12,0%)	0 (0,0%)
Í fæðingarorlofi	4 (2,4%)	3 (6,0%)	0 (0,0%)

Hvað hjúskaparstöðu varðar þá voru flestir þátttakenda einhleypir við skráningu á Atvinnutorg eða 76,3%. Meðal þeirra voru 49,7% í vinnu eða námi þegar rannsóknin var gerð en 21,6% atvinnulausir. Af þeim sem voru í sambandi við skráningu á Atvinnutorg voru hins vegar 58% í vinnu eða námi en 12% atvinnulausir.

Tafla 20. Staða þátttakenda eftir fjölda barna

(N=216)

Staða	Börn		
	Ekkert	Eitt	Tvö
Á Atvinnutorgi	45 (24,9%)	2 (7,1%)	0 (0,0%)
Í vinnu	73 (40,3%)	14 (50,0%)	3 (42,9%)
Í námi	17 (9,4%)	2 (7,1%)	1 (14,3%)
Óvinnufær	7 (3,9%)	3 (10,7%)	1 (14,3%)
Atvinnulaus	34 (18,8%)	6 (21,4%)	1 (14,3%)
Í fæðingarorlofi	5 (2,8%)	1 (3,6%)	1 (14,3%)

Alls voru 83,3% þátttakenda barnlausir við skráningu á Atvinnutorg. Flestir þeirra eða 49,7%, voru í vinnu eða námi, en 18,8% voru atvinnulausir. Alls 24,9% þeirra barnlausu voru enn á Atvinnutorgi. Hins vegar áttu 16,2% þátttakenda eitt barn við skráningu og þar af voru 57,1% í vinnu eða námi. Alls 21,4% þeirra voru atvinnulausir og 7,1% á Atvinnutorgi.

Tafla 21. Staða þátttakenda eftir búsetu

(N=215)

Staða	Búseta				
	Eigið húsnaði	Leiguhúsnaði	Hjá foreldrum	Hjá vinum/ættingjum	Húsnæðislaus
Á Atvinnutorgi	0 (0,0%)	14 (16,5%)	28 (26,2%)	3 (27,3%)	1 (16,7%)
Í vinnu	3 (50,0%)	38 (44,7%)	42 (39,3%)	5 (45,5%)	2 (33,3%)
Í námi	0 (0,0%)	10 (11,8%)	9 (8,4%)	1 (9,1%)	0 (0,0%)
Óvinnufær	1 (16,7%)	4 (4,7%)	6 (5,6%)	0 (0,0%)	0 (0,0%)
Atvinnulaus	2 (33,3%)	16 (18,8%)	19 (17,8%)	1 (9,1%)	3 (50,0%)
Í fæðingarorlofi	0 (0,0%)	3 (3,5%)	3 (2,8%)	1 (9,1%)	0 (0,0%)

Langflestir þátttakenda bjuggu hjá foreldrum (49,8%) eða í leiguhúsnaði (39,5%) við skráningu á Atvinnutorg. Af þeim sem bjuggu hjá foreldrum voru 47,7% í vinnu eða námi, 26,2% á Atvinnutorgi og 17,8% atvinnulausir. Alls 56,5% þeirra sem bjuggu í leiguhúsnaði voru í vinnu eða námi, 16,5% á Atvinnutorgi og 18,8% atvinnulausir.

Tafla 22. Staða þátttakenda eftir starfsreynslu

(N=225)

Staða	Starfsreynsla		
	≥ 2 mánuðir	< 2 mánuðir	Veit ekki
Á Atvinnutorgi	35 (18,4%)	12 (36,4%)	0 (0,0%)
Í vinnu	86 (45,3%)	9 (27,3%)	1 (50,0%)
Í námi	15 (7,9%)	4 (12,1%)	1 (50,0%)
Óvinnufær	9 (4,7%)	1 (3,0%)	0 (0,0%)
Atvinnulaus	38 (20,0%)	7 (21,2%)	0 (0,0%)
Í fæðingarorlofi	7 (3,7%)	0 (0,0%)	0 (0,0%)

Langflestir höfðu unnið í að minnsta kosti tvo mánuði eða lengur samfleytt áður en þeir komu á Atvinnutorg eða 84,4% allra þátttakenda. Þar af voru 53,2% í vinnu eða námi, 18,4% á Atvinnutorgi og 20% atvinnulausir. Af þeim sem höfðu styttri en tveggja mánaða starfsreynslu voru færri í vinnu eða námi eða 39,4%. Jafnframt voru 36,4% á Atvinnutorgi og 21,2% atvinnulausir.

Tafla 23. Staða þátttakenda eftir menntun

(N=223)

Staða	Menntun			
	Ekki lokið grunnskóla- prófi	Lokið grunnskólaprófi	Lokið framhaldsskóla- prófi	Annað (þó ekki háskólapróf)
Á Atvinnutorgi	3 (14,3%)	42 (22,3%)	0 (0,0%)	1 (33,3%)
Í vinnu	8 (38,1%)	82 (43,6%)	4 (36,5%)	1 (33,3%)
Í námi	6 (28,6%)	13 (6,9%)	0 (0,0%)	1 (33,3%)
Óvinnufær	0 (0,0%)	8 (4,3%)	2 (18,2%)	0 (0,0%)
Atvinnulaus	2 (9,5%)	38 (20,2%)	5 (45,5%)	0 (0,0%)
Í fæðingarorlofi	2 (9,5%)	5 (2,7%)	0 (0,0%)	0 (0,0%)

Hvað varðar menntun þátttakenda þá höfðu langflestir þeirra einungis lokið grunnskólaprófi eða 84,3%. Af þeim voru 50,5% í námi eða vinnu, 22,3% á Atvinnutorgi og 20,2% atvinnulausir. Enginn þátttakenda hafði lokið háskólaprófi, enda ekki allir með aldur til, en alls höfðu 9,4% þátttakenda eða 21 lokið framhaldsskólaprófi. Þar af voru 66,7% í vinnu eða námi, 14,3% á Atvinnutorgi og 9,5% atvinnulausir.

Tafla 24. Staða þátttakenda eftir því hve langur tími leið frá vinnu eða námi

(N=217)


Staða	Hve lengi frá vinnu eða námi					
	0-6 mán.	7-12 mán.	13-18 mán.	19-36 mán.	Meira en 36 mán.	Veit ekki
Á Atvinnutorgi	17 (17,5%)	11 (25,0%)	5 (20,8%)	8 (25,8%)	6 (33,3%)	0 (0,0%)
Í vinnu	46 (47,4%)	18 (40,9%)	10 (41,7%)	9 (29,0%)	6 (33,3%)	1 (33,3%)
Í námi	9 (9,3%)	5 (11,4%)	1 (4,2%)	5 (16,1%)	0 (0,0%)	0 (0,0%)
Óvinnufær	1 (1,0%)	3 (6,8%)	1 (4,2%)	2 (6,5%)	3 (16,7%)	1 (33,3%)
Atvinnulaus	21 (21,6%)	4 (9,1%)	17 (29,2%)	6 (19,4%)	3 (16,7%)	1 (33,3%)
Í fæðingarorlofi	3 (3,1%)	3 (6,8%)	0 (0,0%)	1 (3,2%)	0 (0,0%)	0 (0,0%)

Ef skoðað er hversu lengi þátttakendur voru búnir að vera frá vinnu eða námi þegar skráning á Atvinnutorg átti sér stað kemur í ljós að oftast liðu 0 til 6 mánuðir, eða hjá 44,7% þátttakenda samkvæmt töflu 14.

Hjá þeim þátttakendum sem voru búnir að vera frá vinnu eða námi í 6 mánuði eða minna, voru 56,7% í vinnu eða námi þegar rannsókn var gerð, samanborið við 52,3% þeirra

sem voru frá námi eða vinnu í 7 til 12 mánuði. Það hlutfall fer minnkandi því lengri tími sem leið frá vinnu eða námi að skráningu eins og sjá má í töflu 24. Hæsta hlutfall þeirra sem voru á Atvinnutorgi eru þeir þátttakendur þar sem hve lengstur tími leið frá vinnu eða námi að skráningu. Lægsta hlutfall var meðal þeirra sem styst höfðu verið frá námi eða vinnu þegar skráning á Atvinnutorg fór fram.

4. Eftirfylgni



Mynd 10. Eftirfylgni Atvinnuráðgjafa á meðan þátttakandi var í vinnustaðanámi eða starfsþjálfun/tímabundinni ráðningu

Á mynd 10 sést hversu oft ráðgjafi hafði samband við notendur á meðan þeir voru í starfsþjálfun/tímabundinni ráðningu eða vinnustaðanámi á vegum Atvinnutorgs. Flestir þátttakendur sögðu ráðgjafann hafa haft samband þrisvar sinnum eða oft (41,6%). Alls 12 þátttakendur (13,5%) sögðu að atvinnuráðgjafi hefði aldrei haft samband.

Tafla 25. Eftirfylgni Atvinnuráðgjafa eftir torgum

(N=89)

	Reykjavík	Kópavogur	Hafnarfjörður	Suðurnes
Aldrei	6 (11,8%)	2 (40,0%)	3 (16,7%)	1 (6,7%)
Einu sinni	4 (7,8%)	1 (20,0%)	0 (0,0%)	0 (0,0%)
Tvisvar sinnum	8 (15,7%)	0 (0,0%)	5 (27,8%)	7 (46,7%)
Þrisvar sinnum eða oftar	28 (54,9%)	0 (0,0%)	5 (27,8%)	4 (26,7%)
Veit ekki	5 (9,8%)	2 (40,0%)	5 (27,8%)	3 (20,0%)

Hér að ofan má sá hversu oft atvinnuráðgjafi hafði samband á meðan þátttakandi var í vinnustaðanámi eða starfsþjálfun/tímabundinni ráðningu skipt eftir Atvinnutorgum.


Alls 40 þeirra sem fóru í vinnutengd úrræði á vegum Atvinnutorgs í Reykjavík, greindu frá því að ráðgjafi hefði haft samband einu sinni eða oft, meðan á úrræðinu stóð. Sex sögðu að ráðgjafinn hefði aldrei haft samband.

Meðal þátttakenda sem voru á Atvinnutorgi í Kópavogi greindi einn frá því að ráðgjafi hefði haft samband við hann, en tveir sögðu að hann hefði aldrei haft samband.

Í Hafnarfirði greindu 10 þátttakendur frá því að ráðgjafi hefði haft samband oft en einu sinni á meðan á vinnutengdu úrræði stóð, en þrír sögðust aldrei hafa heyrt í ráðgjafa.

Á Suðurnesjum sögðust 11 þátttakendur hafa heyrt frá ráðgjafa oft en einu sinni, en einn sagðist ekki hafa heyrt frá honum.

5. Mat á þjónustu



Mynd 11. Hversu ánægðir notendur voru með þá þjónustu sem þeir fengu

Á mynd 11 má sjá að flestir þátttakendur voru mjög ánægðir eða ánægðir með þjónustuna sem þeir fengu á Atvinnutorgi, eða 74,2%. Alls 42 sögðu hvorki né eða veit ekki, eða 18,7%. Alls 7,1% sögðust vera óánægðir eða mjög óánægðir með þjónustuna.

Tafla 26. Hversu ánægðir þátttakendur voru með þá þjónustu sem þeir fengu


	skipt eftir torgum			
	Reykjavík	Kópavogur	Hafnarfjörður	Suðurnes
Mjög óánægð/ur	1 (0,8%)	3 (15%)	0 (0%)	1 (2,6%)
Óánægð/ur	4 (3,3%)	3 (15%)	1 (2,3%)	3 (7,7%)
Hvorki né	23 (18,9%)	4 (20%)	5 (11,4%)	10 (25,6%)
Ánægð/ur	43 (35,2%)	4 (20%)	17 (38,6%)	12 (30,8%)
Mjög ánægð/ur	51 (41,8%)	6 (30%)	21 (47,7%)	13 (33,3%)

Í töflu 26 má sjá að í Reykjavík voru 77% þátttakenda ánægðir eða mjög ánægðir með þjónustuna sem þeir fengu á Atvinnutorgi. Alls 18,9% sögðu hvorki né. Um 4% sögðust vera óánægðir eða mjög óánægðir með þjónustuna.

Í Kópavogi voru 50% þátttakenda ánægðir eða mjög ánægðir með þjónustuna og 20% sögðu hvorki né. Alls 30% þátttakenda voru óánægðir eða mjög óánægðir.

Í Hafnarfirði voru 86,3% þátttakenda ánægðir eða mjög ánægðir með þjónustuna sem þeir fengu á torginu. Alls 11,4% sögðu hvorki né og einn þátttakandi sagðist vera óánægður með þjónustuna sem hann fékk. Enginn sagðist vera mjög óánægður.

Alls 64,1% þátttakenda á Suðurnesjum voru ánægðir eða mjög ánægðir með þjónustuna. Um 26% sögðu hvorki né og 10,3% voru óánægðir eða mjög óánægðir með þjónustuna.



Mynd 12. Ánægja þátttakenda með atvinnuráðgjafa

Þegar spurt var hversu ánægðir þátttakendur voru með sinn atvinnuráðgjafa þá sögðust flestir vera mjög ánægðir eða ánægðir, eða 86,1%. Alls 9,8% sögðu hvorki né og 4% sögðust vera óánægðir eða mjög óánægðir.

Tafla 27. Ánægja með atvinnuráðgjafa eftir torgum (N=224)


	Reykjavík	Kópavogur	Hafnarfjörður	Suðurnes
Mjög óánægð/ur	1 (0,8%)	2 (10%)	0 (0%)	3 (7,7%)
Óánægð/ur	0 (0%)	1 (5%)	2 (4,5%)	0 (0%)
Hvorki né	6 (5%)	2 (10%)	8 (18,2%)	6 (15,4%)
Ánægð/ur	31 (25,6%)	9 (45%)	8 (18,2%)	13 (33,3%)
Mjög ánægð/ur	83 (68,6%)	6 (30%)	26 (59,1%)	17 (43,6%)

Í töflu 27 kemur fram að í Reykjavík voru 94,2% þátttakenda ánægðir eða mjög ánægðir með atvinnuráðgjafann sinn. Alls 5% sögðu hvorki né. Enginn þátttakandi sagðist vera óánægður með atvinnuráðgjafann sinn, en einn sagðist vera mjög óánægður.

Í Kópavogi voru 75% þátttakenda ánægðir eða mjög ánægðir með atvinnuráðgjafann og 10% sögðu hvorki né. Alls 15% þátttakenda voru óánægðir eða mjög óánægðir.

Í Hafnarfirði voru 77,3% þátttakenda ánægðir eða mjög ánægðir með atvinnuráðgjafann. Alls 18,2% sögðu hvorki né og tveir þátttakendur sögðust vera óánægðir með atvinnuráðgjafann. Enginn sagðist vera mjög óánægður.

Alls 76,9% þátttakenda á Suðurnesjum voru ánægðir eða mjög ánægðir með atvinnuráðgjafann. Um 15% sögðu hvorki né. Enginn sagðist vera óánægður með atvinnuráðgjafann, en 3 þátttakendur sögðust vera mjög óánægðir.



Mynd 13. Það sem þátttakendum fannst best við Atvinnutorg

Á mynd 13 sést hvað þátttakendum fannst best við Atvinnutorgin. Spurningin var opin og svörum var skipt í sex flokka. Í fyrsta flokknum „Ráðgjafinn“ voru flest svör þátttakenda eða 27,9%. Dæmi um svör í þeim flokki voru að ráðgjafi var skilningsríkur og lagði áherslu á að finna starf sem hentaði, þátttakendur sögðu að þjónustan hafi verið persónuleg sem þeim líkaði vel og að það væri gott að geta rætt við ráðgjafann. Um 15% þátttakenda nefndu að Atvinnutorg væri hjálplegt úrræði. Dæmi um svör voru að Atvinnutorg hjálpaði þátttakendum að komast fljótt út á vinnumarkaðinn, það væri gott að fá hjálp við ferilskrárgerð og gott að fá stuðning. Alls 7,7% þátttakenda gáfu svör sem bentu til þess að þeim hafi þótt best að komast í virkni. Sem dæmi má nefna að þátttakendum fannst gott að fá rútinu á lífið, gott að fara út á

vinnumarkaðinn og vera á meðal fólks. Einnig voru dæmi um að þátttakendum fannst gott að mæta reglulega á Atvinnutorg. Alls 6,8% þátttakenda nefndu að námskeiðin væru það besta við Atvinnutorg. Þeim fannst námskeiðin og fyrirlestrarnir skemmtileg og lærdómsrík og þar kynntust þeir nýju fólki. Alls 16,7% nefndu eitthvað annað svo sem það að engum var neitað um þátttöku á Atvinnutorgi, að þetta sé gott fyrir þá sem hafa enga starfsreynslu og að það séu meiri líkur á að fá vinnu í gegnum þetta úrræði.

Hægt er að sjá svörin í heild sinni flokkuð eftir Atvinnutorgum í viðauka 6.

Tafla 28. Það sem þátttakendum fannst best við Atvinnutorg (N=222)


	Reykjavík	Kópavogur	Hafnarfjörður	Suðurnes
Atvinnuráðgjafi	37 (31,1%)	5 (25,0%)	9 (20,5%)	11 (28,2%)
Hjálplegt úrræði	26 (21,8%)	1 (5,0%)	3 (6,8%)	3 (7,7%)
Virgni	8 (6,7%)	0 (0,0%)	6 (13,6%)	3 (7,7%)
Námskeið	5 (4,2%)	1 (5,0%)	9 (20,5%)	0 (0,0%)
Veit ekki	21 (17,6%)	10 (50,0%)	13 (29,5%)	14 (35,9%)
Annað	22 (18,5%)	3 (15,0%)	4 (9,1%)	8 (20,5%)

Af þátttakendum í Reykjavík fannst flestum að atvinnuráðgjafarnir væru það besta við Atvinnutorg, eða 31,1%. Fæstir nefndu námskeiðin eða 4,2%, enda fá námskeið í boði á árinu 2012.

Í Kópavogi sögðust flestir ekki vita hvað væri best eða helmingur þátttakenda. Fjórðungur þátttakenda nefndi að atvinnuráðgjafi væri það besta við torgið.

Í Hafnarfirði vissu flestir ekki hvað þeim þótti best við torgið eða 29,5% þátttakenda. Alls 20,5% nefndu atvinnuráðgjafann og sama hlutfall nefndi námskeiðin.

Eins og í Kópavogi og Hafnarfirði sögðust flestir á Suðurnesjum ekki geta sagt hvað væri best við torgið. Alls 28,2% nefndu atvinnuráðgjafann.



Mynd 14. Það sem þátttakendum fannst að mætti betur fara


Á mynd 14 sést hvað þátttakendum fannst að betur mætti fara á Atvinnutorgunum. Spurningin var opin og svörum var skipt í fimm flokka. Flestir eða 68,6% þátttakenda sögðust ekki vita hvað betur mætti fara. Alls 15,3% þátttakenda sögðu að atvinnuráðgjafinn mætti bæta sig. Dæmi um svör í þeim flokki voru að eftirfylgni mætti vera meiri eða betri, að ekki ætti að neyða fólk í vinnu sem það vill ekki fara í og að það mættu vera fleiri ráðgjafar. Alls 5,7% nefndu að bæta þyrfti þætti í tengslum við atvinnu, svo sem að skortur væri á störfum, vantaði störf sem væru með hærri tekjur í boði og að það mætti aðstoða notendur betur við að finna vinnu. Alls 3,5% þátttakenda nefndu að bæta þyrfti námskeiðin, að það mætti bæta við fleiri námskeiðum, að notandi væri að fara oftar en einu sinni á sama fyrirlesturinn og að það mætti vera meiri fræðsla um hversu mikilvægt það sé að vera í vinnu. Að lokum nefndu 7% þátttakenda eitthvað annað, eins og að skortur væri á tölum fyrir notendur, að það væri galli að fá ekki greitt ef eitthvað klikkar í ferlinu á Atvinnutorgi og að gott væri ef notendur myndu mæta daglega.

Hægt er að sjá svörin í heild sinni flokkuð eftir Atvinnutorgum í viðauka 6.

Tafla 29. Það sem þátttakendum fannst að mætti betur fara skipt eftir torgum

	Reykjavík	Kópavogur	Hafnarfjörður	Suðurnes
Veit ekki	85 (69,1%)	13 (80,0%)	30 (66,7%)	25 (62,5%)
Atvinna	6 (4,9%)	0 (0,0%)	5 (11,1%)	2 (5,0%)
Atvinnuráðgjafi	17 (13,8%)	3 (15,0%)	6 (13,3%)	9 (22,5%)
Námskeið	4 (3,3%)	0 (0,0%)	4 (8,9%)	0 (0,0%)
Annað	11 (8,9%)	1 (5,0%)	0 (0,0%)	4 (10,0%)

Á öllum torgunum nefndu flestir að þeir vissu ekki hvað betur mætti fara. Næstflestir nefndu að atvinnuráðgjafi þyrfti að bæta sig, þetta átti einnig við um öll torgin.



Mynd 15. Hlutfall þátttakenda sem myndu mæla með Atvinnutorgi við vini

Eins og sjá má á mynd 23 myndu langflestir þátttakendur mæla með Atvinnutorgi við vini, eða 204 manns (90,7%). Það voru ekki nema 14 manns sem myndu ekki mæla með Atvinnutorgi við vin (6,2%).

Tafla 30. Hlutfall þátttakenda sem myndu mæla með Atvinnutorgi við vini skipt eftir Atvinnutorgum (N=225)

	Reykjavík	Kópavogur	Hafnarfjörður	Suðurnes
Já	112 (91,8%)	15 (75%)	41 (93%)	36 (92,3%)
Nei	6 (4,9%)	4 (20%)	1 (2,3%)	3 (7,7%)
Veit ekki	4 (3,3%)	1 (5%)	3 (4,5%)	0 (0%)

Flestir þátttakendur í Reykjavík, Hafnarfirði og á Suðurnesjum, eða rúmlega 90% myndu mæla með Atvinnutorgi við vini sína. Aftur á móti myndu um 75% þátttakenda í Kópavogi mæla með Atvinnutorgi.

Ályktunartölfræði

Mat þátttakenda á þjónustu Atvinnutorga

Skoðað var hvort munur væri á mati þátttakenda á þjónustu sem veitt var á Atvinnutorgum eftir því á hvaða Atvinnutorgi þátttakendur voru. Notaður var 5 punkta Likert-kvarði þar sem 1 þýðir mjög óánægður, 2 óánægður, 3 hvorki né/veit ekki, 4 þýðir ánægður og 5 mjög ánægður. Fram kom að marktækur munur var á mati þátttakenda torganna fjögurra, $F(3, 221) = 5,6, p < 0,001$. Meðaltöl hópanna fjögurra á mati á þjónustu Atvinnutorga voru því ekki eins í þýði. Til að fá fram hvaða meðaltöl eru ólík var Bonferroni prófið notað og kom í ljós að þjónustan var hæst metin í Hafnarfirði, en þar var meðaltalið 4,32 á skalanum 1-5, og næst hæst í Reykjavík, eða 4,14. Á Suðurnesjum var þjónustan að meðaltali metin upp á 3,85 og í Kópavogi 3,35. Bonferroni prófið gaf til kynna að marktækur munur er á milli mats þátttakenda á þjónustunni í Hafnarfirði og Kópavogi annars vegar og Reykjavík og Kópavogi hins vegar. Ekki var að finna marktækan mun milli annarra hópa.

Mat þátttakenda á ráðgjöfum Atvinnutorga

Kannað var hvort munur væri á mati þátttakenda á atvinnuráðgjöfum eftir torgum. Í ljós kom að marktækur munur er á mati hópanna fjögurra á ráðgjöfunum, $F(3, 220) = 7,6, p < 0,001$. Meðaltöl hópanna fjögurra á mati á atvinnuráðgjöfunum voru því ekki eins í þýði. Til að fá fram hvaða meðaltöl eru ólík var Bonferroni prófið notað. Þá kom fram að þátttakendur sem voru á Atvinnutorgi í Reykjavík voru ánægðastir með ráðgjafann sinn, og gáfu honum að meðaltali 4,61 á skalanum 1-5. Næst kom Atvinnutorg í Hafnarfirði þar sem meðaltal var

4,32, svo Suðurnes með meðaltalið 4,05 og svo Kópavogur þar sem meðaltal var 3,8. Þegar Bonferroni prófið er skoðað kemur í ljós að marktækur munur er á mati þátttakenda á atvinnuráðgjöfum á Atvinnutorgi í Reykjavík og Kópavogi. Einnig er marktækur munur á mati þátttakenda á atvinnuráðgjöfum í Reykjavík og á Suðurnesjum. Annan marktækan mun milli hópa var ekki að finna.

Umraeða

Markmið rannsóknarinnar var tvíþætt. Annars vegar að bera saman verklag Atvinnutorga í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og á Suðurnesjum. Hins vegar að kanna afdrif þeirra ungmenna sem nýttu sér þjónustu Atvinnutorgs árið 2012 og fá viðhorf þeirra til þjónustunnar.

Fyrri hluti rannsóknar

Verklag á Atvinnutorgum í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og á Suðurnesjum

Hálfstöðluð viðtöl voru tekin við sex atvinnuráðgjafa, þrjá á Atvinnutorgi í Reykjavík og einn á Atvinnutorgi í Kópavogi, Hafnarfirði og á Suðurnesjum með það að markmiði að fá upplýsingar um verklag á hverju torgi fyrir sig. Niðurstöður leiddu í ljós að unnið er eftir skráðum verklagsreglum á öllum torgunum en verklag er þó ólíkt milli torga. Notendum er vísað inn á Atvinnutorg frá félagsþjónustu sveitarfélaganna, Vinnumálastofnun, Fjölsmiðjunni og Húsinu í Hafnarfirði og vinnuskólanum þar í bæ. Einnig geta notendur komið inn á Atvinnutorg í Kópavogi, Hafnarfirði og á Suðurnesjum af sjálfsdáðum eða verið vísað þangað af skóla. Mætingarskylda notenda er 100% á öllum torgum en þó er mismunandi milli torga hversu oft notandinn þarf að mæta. Öll torgin bjóða upp á vinnustaðanám og starfsþjálfun en útfærslan á slíkum vinnutengdum úrræðum er þó ólík milli torga. Vinnustaðanám er til að mynda hluti af virkniámskeiði sem allir notendur Atvinnutorga í Kópavogi og Hafnarfirði fara á. Á Atvinnutorgi í Reykjavík og á Suðurnesjum er vinnustaðanámið eitt af mögulegum úrræðum torgsins. Einnig er misjafnt hversu fjölbreytt störf torgin geta boðið notendum sínum upp á í vinnutengdum úrræðum. Öll Atvinnutorgin bjóða upp á námskeið fyrir notendur en markmið þeirra eru þó ólík. Notendur Atvinnutorga í Kópavogi og Hafnarfirði fara á almennt virkniámskeið, notendur á Atvinnutorgi í Reykjavík fara á kynningarnámskeið áður en þeir fara á torgið og notendum Atvinnutorgs Suðurnesja er boðið að sækja námskeið hjá MSS (Miðstöð símenntunnar á Suðurnesjum) sem geta aukið atvinnumöguleika þeirra. Ennfremur er mismunandi hversu mörg úrræði Atvinnutorgin bjóða uppá. Flest úrræði eru í boði á Atvinnutorgum í Reykjavík og á Suðurnesjum en fæst eru í boði á Atvinnutorgi í Kópavogi.

Á öllum Atvinnutorgunum er einstaklingsmiðuð þjónusta höfð að leiðarljósi í vinnu ráðgjafa með notanda. Hins vegar er mismunandi milli torga í hverju slík þjónusta er fólgin. Á Atvinnutorgum í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði er gerð markmiðasetning með notandanum en markmiðin taka mið af stöðu viðkomandi hverju sinni. Hins vegar er ekki

unnið með markmiðasetningu á Atvinnutorgi á Suðurnesjum en þar felst einstaklingsmiðuð þjónusta í reglulegum viðtölum við ráðgjafa. Mikil áhersla er lögð á eftirfylgni á meðan notandi er í vinnutengdum úrræðum á vegum Atvinnutorga í Reykjavík, Hafnarfirði og á Suðurnesjum. Eftirfylgninni er þannig háttáð að ráðgjafi hefur samband við notandann og yfirmann hans á meðan starfssamningi stendur. Eftirfylgni í Kópavogi er ólík því sem gerist á hinum torgunum en henni er þannig háttáð að ráðgjafi hefur samband við notendur eftir að þeir hafa lokið virkninámskeiði og athugar stöðu þeirra. Eftirfylgni er lítil sem engin á Atvinnutorgunum fjórum eftir að notandi hættir, það er eftir að notandi fer í starf á almennum vinnumarkaði eða í nám. Hvergi er gert árangursmat eftir að notandi hættir á Atvinnutorgi en ráðgjafar á Atvinnutorgi í Reykjavík hafa hins vegar sent HL lista (*Heilsutengd lífsgæði*) til notenda eftir að þeir hætta á torginu. Samkvæmt viðmælendum hefur svörun listanna ekki verið góð.

Mismunandi kröfur eru gerðar til notenda eftir Atvinnutorgunum fjórum, þó er sameiginlegt með torgunum að gerð er krafa um 100% mætingarskyldu í viðtöl og á námskeið á vegum Atvinnutorgs. Á öllum Atvinnutorgum á notandi, sem ekki mætir, á hættu að fá skerta fjárhagsaðstoð en þó er mismunandi hversu sveigjanlegar reglurnar eru eftir sveitarfélögum.

Ráðgjafar Atvinnutorganna fjögurra eru mismargir og hafa ólíka menntun. Á Atvinnutorgi í Reykjavík er lögð áhersla á að ráðgjafar myndi þverfaglegt teymi sem vinnur saman að sameiginlegu markmiði. Lögð er minni áhersla á teymisvinnu ráðgjafa á hinum torgunum þremur, enda um færri ráðgjafa að ræða. Fjöldi notenda á hvern ráðgjafa er ólíkur milli torganna. Á Atvinnutorgi í Reykjavík eru 10 til 25 notendur að meðaltali á hvern ráðgjafa á viku og tveir til þrír notendur eru á hvern ráðgjafa í Kópavogi. Atvinnuráðgjafi í Hafnarfirði er með um 20 notendur á viku að jafnaði og á Suðurnesjum eru um 10 notendur á hvern ráðgjafa í viku. Misskýrar kröfur eru gerðar til ráðgjafa á Atvinnutorgunum fjórum og er Atvinnutorg í Reykjavík eina torgið þar sem kröfulýsing hefur verið gerð fyrir starfsmenn. Þekking ráðgjafa og reynsla á atvinnulausum ungmennum og á almannatryggingarkerfinu er mismikil, óháð torgum. Viðmælendur greina allir frá því að hafa hlotið endurmenntun sem nýtist í starfi eftir að hafa hafið störf á Atvinnutorgi. Þó virðist vera mismikið svigrúm fyrir slíkt eftir torgum. Viðmælendur greina einnig frá því að hafa fengið mismikla fræðslu á vinnulagi Atvinnutorgs áður en þeir hófu störf á Atvinnutorgi.

Vinnuaðstæður eru ólíkar milli Atvinnutorga. Á Atvinnutorgi í Reykjavík og á Suðurnesjum er boðið uppá tölvuaðstöðu fyrir notendur þar sem þeir hafa kost á því að sækja

um störf undir handleiðslu ráðgjafa en slík aðstaða er ekki til staðar á Atvinnutorgi í Hafnarfirði og Kópavogi.

Viðmælendur virðast allir vera sammála um að Atvinnutorg sem úrræði fyrir atvinnulaus ungmenni sé að virka og sé þarft verkefni. Flestir viðmælendur nefna að það mikilvægasta við þjónustu Atvinnutorgs sé einstaklingsmiðuð þjónusta og að koma þeim notendum í virkni sem hafa verið vanvirkir í lengri tíma. Hins vegar benda viðmælendur í Reykjavík og á Suðurnesjum á að skortur sé á úrræðum fyrir notendur á aldrinum 16 til 17 ára þar sem þeir hafa ekki rétt á fjárhagsaðstoð og því sé ekki hægt að borga með þeim í vinnutengd úrræði. Einnig benda viðmælendur í Hafnarfirði og Kópavogi á að skortur sé á samstarfi milli Atvinnutorganna fjögurra, Vinnumálastofnunar og velferðarráðuneytis.

Út frá ofangreindum upplýsingum kemur fram að torgin fjögur starfa eftir nokkuð ólíkum verkferlum. Guðbjartur Hannesson, þáverandi velferðarráðherra, lagði til við upphaf verkefnisins að skipaður yrði starfshópur sem hefði það að markmiði að samþætta þjónustu Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga (Velferðarráðuneytið, 2012a). Það virðist þó ekki hafa verið gerð sú krafa að Atvinnutorgin fjögur myndu starfa eftir sömu kröfulýsingunni og eftir sömu verkferlum í upphafi samkvæmt upplýsingum frá velferðarráðuneytinu.

Í þessu samhengi má benda á að viðmælendur á Atvinnutorgum í Kópavogi og Hafnarfirði nefndu að samskipti milli Atvinnutorganna fjögurra, Vinnumálastofnunar og velferðarráðuneytis væru takmörkuð. Því mætti kanna hvort frekari samræming verkferla og samstarf milli Atvinnutorganna væru æskileg.

Tölulegar upplýsingar Atvinnutorga árið 2012

Eftirfarandi upplýsingar fengust frá tengiliðum á Atvinnutorgum í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og á Suðurnesjum. Heildarfjöldi þeirra sem nýttu sér þjónustu Atvinnutorga árið 2012 var 473, þar af voru um 70% karlar en 30% konur. Flestir notendur nýttu sér þjónustu Atvinnutorgs í Reykjavík eða 226 talsins en fæstir voru á Atvinnutorgi á Suðurnesjum eða 74. Flestir þátttakendur voru á aldrinum 21 til 25 ára en fæstir á aldrinum 16 til 20 ára. Vert er að taka fram að Atvinnutorg er úrræði ætlað ungmennum á aldrinum 16 til 25 ára, en þrátt fyrir það voru 11,8% notenda 26 ára eða eldri. Tilvísanir inn á torgin voru flestar frá félagsþjónustu sveitarfélaganna en þó var flestum vísað inn á Atvinnutorg í Hafnarfirði frá Vinnumálastofnun. Alls hættu um 62% notanda í verkefninu árið 2012, flestir til að fara í vinnu á almennum vinnumarkaði eða til að hefja nám en það er einmitt markmið torgsins. Þegar Atvinnutorgin eru borin saman kemur í ljós að hlutfallslega hættu flestir notendur á Atvinnutorgi í Hafnarfirði til að fara í starf á almennum vinnumarkaði eða til að hefja nám en

hlutfallslega fæstir á Atvinnutorgi í Kópavogi. Þess ber að geta að notendahópurinn í Hafnarfirði er ólíkur hópnum á hinum Atvinnutorgunum. Hlutfallslega fleiri notendur í Hafnarfirði koma vegna tilvísunar frá Vinnumálastofnun, en inn á hin torgin. Fram kemur í rannsókninni „Bara það að koma mér í gang: Úttekt á aðstæðum og virkni þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Reykjavíkurborg“ (Félagsvísindastofnun, 2010) að staða fólks sem þiggur bætur frá félagsþjónustunni virðist vera bágbornari en þeirra sem eiga rétt á bótum frá Vinnumálastofnun, sem getur haft áhrif á árangur.

Að lokum skal nefna að Atvinnutorgin fjögur gerðu mismarga starfssamninga fyrir notendur sína í starfsþjálfunarúræðum, enda mismargir notendur á torgunum. Úrval starfssamninganna var misfjölbreytt.

Seinni hluti rannsóknar

Afdrif ungmenna sem nýttu sér þjónustu Atvinnutorgs árið 2012 og viðhorf þeirra til þjónustunnar

Eftirfarandi niðurstöður eru unnar úr símaviðtölum við þátttakendur sem nýttu sér þjónustu Atvinnutorga árið 2012. Eins og áður hefur komið fram er meginmarkmið Atvinnutorgs að hjálpa notendum að komast í vinnu, á almennan vinnumarkað eða í nám. Í niðurstöðum kom fram að flestir þeir þátttakendur sem voru á Atvinnutorgi árið 2012 eru nú í vinnu á almennum markaði, eða 43%, og um 9% voru í námi. Þar með voru samtals 52% þátttakenda í vinnu eða námi, en rúmur fimmtungur þátttakenda var á Atvinnutorgi. Vert er þó að nefna að það tekur tíma að undirbúa og vinna með notendur áður en þeir fara á vinnumarkað. Eins og fram kom fyrr í skýrslunni var meðalundirbúningstími á Jobbtorget í Stokkhólmi 10 mánuðir. Því geta fleiri átt eftir að fara í vinnu eða nám á komandi mánuðum. Tæpur fimmtungur var atvinnulaus, um 5% óvinnufærir og 3% þátttakenda voru í fæðingarorlofi. Meðal þátttakenda á Atvinnutorgi í Reykjavík voru 44% í námi eða vinnu, 70% þátttakenda í Kópavogi og Suðurnesjum og tæp 50% í Hafnarfirði.

Fleiri karlar en konur tóku þátt eða um 67% karla og 33% konur. Þetta er í samræmi við þann fjölda sem nýtti sér þjónustu Atvinnutorga árið 2012. Þátttakendur endurspeglu því vel þýðið hvað kyn varðar. Ekki var mikill munur á kynjunum hvað viðkemur stöðu þeirra í dag nema að mun fleiri konur voru í fæðingarorlofi en karlar.

Þegar skoðuð var staða þátttakenda eftir aldri, kom fram að hlutfallslega voru mun fleiri þátttakendur á aldrinum 16 til 25 ára atvinnulausir en þeir sem voru á aldrinum 26 til 30

ára. Þó ber að hafa í huga að mun færri þátttakendur tilheyra seinni hópnum líkast til vegna þess að Atvinnutorg er úrræði ætlað 16 til 25 ára.

Þegar hjúskaparstaða var athuguð kom í ljós að flestir voru einhleypir við skráningu á Atvinnutorg eða um 76,3% þátttakenda. Meðal þeirra sem voru í sambandi voru tæp 60% í vinnu eða námi í dag og um 22% atvinnulausir. Hins vegar voru tæp 50% þeirra sem voru einhleypir í vinnu eða námi og 12% atvinnulausir. Ekki var mikill munur á þeim sem áttu börn og þeim sem voru barnlausir við skráningu hvað viðkemur stöðu þeirra í dag. Um helmingur þátttakenda bjó hjá foreldrum við skráningu á Atvinnutorg og um 40% í leiguhúsnæði. Aðeins hærra hlutfall þeirra sem bjuggu í leiguhúsnæði við skráningu á Atvinnutorg voru í vinnu eða námi eða um 57%, miðað við 48% þeirra sem bjuggu í foreldrahúsum.

Flestir þátttakenda höfðu meira en tveggja mánaða samfellda starfsreynslu áður en þeir komu inn á Atvinnutorg. Í þeim hópi voru rúm 45% í vinnu, 8% í námi og 18% á Atvinnutorgi. Hins vegar kom í ljós að meðal þeirra sem ekki höfðu unnið í tvo mánuði eða meira samfleytt, alls um 15% allra þátttakenda, var staðan verri. Tæp 27% þeirra voru í vinnu, 12% í námi og rúm 36% á Atvinnutorgi. Hugsanlegt er því að starfsreynsla auðveldi notendum Atvinnutorgs að fá vinnu og því er ekki úr vegi að leggja sérstaka áherslu á að koma þeim sem litla eða enga starfsreynslu hafa í vinnutengd úrræði. Það gæti aukið líkur þeirra á því að komast á vinnumarkað í náinni framtíð. Þó er vert að benda á að félagslegir og sálrænir þættir geta verið orsök fyrir lítilli starfsreynslu og erfiðleikum við að fá vinnu. Þá er hugsanlegt að huga þurfi að þeim vandamálum áður en reynt er að koma viðkomandi á vinnumarkað. Notendur í þessari stöðu gætu þurft lengri undirbúningstíma á torginu.

Flestir þátttakenda höfðu einungis lokið grunnskólaprófi, eða um 84%. Rúm 9% þátttakenda höfðu lokið framhaldsskólaprófi og voru mun fleiri þeirra í vinnu eða námi í dag eða tæp 67%, miðað við rúm 50% þeirra sem einungis höfðu lokið grunnskólaprófi.

Í tæplega helmingi tilfella liðu núll til sex mánuðir frá því þátttakendur hættu í vinnu eða námi og þangað til þeir komu inn á Atvinnutorg, sem er mjög jákvætt. Einnig kom í ljós að því lengri tími sem leið frá lokum vinnu eða náms og þangað til þátttakendur voru skráðir á Atvinnutorg, því lægra var hlutfall þeirra sem voru í vinnu eða námi í dag. Þetta kemur kannski ekki á óvart, en gefur tilefni til að skoða hvort hægt sé að grípa fyrr inn í til að koma í veg fyrir að langur tími líði frá því að viðkomandi hætti í vinnu og námi og þar til hann kemur inn á Atvinnutorgið. Eins og fram kom í inngangi þá eru sterk tengsl milli langvarandi atvinnuleysis og sálrænna vandamála, sér í lagi meðal ungmenna (Rein, Novo og Hammerström, 2004). Því væri hugsanlega hægt að koma í veg fyrir einhver tilfelli sálræns

vanda ef séð er til þess að sem stystur tími líði frá því að ungmennin hætti í vinnu eða námi og þangað til þeim er vísað á Atvinnutorg.

Um 40% þátttakenda fóru í vinnustaðanám eða í starfsþjálfun/tímabundna ráðningu á vegum Atvinnutorga. Hvað varðar eftirfylgnina var í flestum tilfellum haft samband við þátttakendur þrisvar eða oftár. Þess ber þó að geta að þátttakendur þurftu oft að rifja upp aðstæður langt aftur í tímann til þess að getað svarað til um hversu oft ráðgjafi hafði samband. Það gerir svörun óáreiðanlegri en ella.

Mat á þjónustu

Um 58% þátttakenda nefndu að Atvinnutorg hefði hjálpað þeim að komast í vinnu, 42% töldu ekki svo vera. Þó ber að hafa í huga að fólk metur hjálp á mismunandi hátt og kom það skýrt fram í svörum þátttakenda. Sumir töldu til dæmis hvatninguna frá ráðgjöfum og hjálp við ferilskrárgerð næga ástæðu fyrir jákvæðu svari, en aðrir ekki. Notendur sækja sjálfir um vinnu og því mætti ætla að sumir meti ekki framlag Atvinnutorgs sem beina hjálp við að fá starf. Sömu sögu er að segja af því þegar notendur voru beðnir um að meta hjálp frá Atvinnutorgi við að komast í nám. Þar sögðust 20% þeirra sem voru í skóla í dag hafa fengið hjálp við að komast í námið, en 80% töldu sig ekki hafa fengið hjálp. Því ber að álykta varlega út frá þessum niðurstöðum.

Fram kom að tæp 40% þátttakenda fóru í vinnustaðanám eða tímabundna ráðningu/starfsþjálfun en 60% fór ekki í slík úrræði. Í langflestum tilfellum höfðu atvinnuráðgjafar samband við notendur sem fóru í starfstengd úrræði, eða í tæpum 70% tilfella. Um 17% þátttakenda voru ekki vissir hvort það hefði verið gert. Oftast var haft samband við þá þrisvar eða oftár eða í 42% tilfella en sjaldnast var haft samband einu sinni eða í tæpum 6% tilfella. Einungis fjórðungur þátttakenda sem var á Atvinnutorgi í Kópavogi eða 5 manns, fór í vinnutengd úrræði. Hlutfallið var aftur á móti í kringum 40% á hinum torgunum þremur. Eftirfylgnin var minnst í Kópavogi.

Þátttakendur voru að jafnaði mjög ánægðir með Atvinnutorgið sem þeir voru skráðir á. Í heildina voru rúmlega 74% mjög ánægðir eða ánægðir með þjónustuna en einungis 7,1% mjög óánægðir eða óánægðir. Þeir sem voru á Atvinnutorgi í Hafnarfirði voru ánægðastir og því næst notendur Atvinnutorgs í Reykjavík. Það er því óhætt að segja að Atvinnutorg sem úrræði hafi fallið í kramið hjá þátttakendum. Hvað atvinnuráðgjafana varðar voru langflestir þátttakenda ánægðir eða mjög ánægðir, alls um 86%. Aðeins 4% þátttakenda voru mjög óánægðir eða óánægðir með atvinnuráðgjafa sinn. Langflestir, eða 94% þátttakenda á Atvinnutorgi í Reykjavík voru mjög ánægðir eða ánægðir með ráðgjafann sinn en um 76%

þátttakanda á hinum torgunum þremur. Það er því ljóst að ánægja með ráðgjafana er mikil meðal þátttakenda.

Flestir þátttakenda nefna ráðgjafana sem það besta við Atvinnutorg eða tæp 30% þeirra. Það kemur þó ekki á óvart, þar sem langflestir þátttakendur voru mjög ánægðir eða ánægðir með ráðgjafann sinn. Atvinnutorg í heildina sem úrræði var nefnt í 15% tilfella. Margir þátttakendur voru ekki vissir hvað væri best eða um fjórðungur þeirra.

Þegar þátttakendur voru spurðir um hvað betur mætti fara á Atvinnutorgi ef þeir ættu að gefa góð ráð kom í ljós að tæp 70% voru ekki vissir. Það er að öllum líkindum ekki auðvelt fyrir alla að mynda sér skoðun á því í stuttu símaviðtali, en þeir sem það gerðu kölluðu einna helst eftir meiri eftirfylgni af hendi ráðgjafa og nokkrir nefndu að ekki ætti að neyða fólk í vinnu sem væri ekki að þeirra skapi.

Um 91% þátttakenda myndu mæla með Atvinnutorgi við vini sína, en aðeins 3% myndu ekki gera það. Þó nokkrir viðmælendur nefndu að þeir hefðu nú þegar mælt með Atvinnutorgi. Það má því segja að notendur Atvinnutorga séu almennt mjög ánægðir með þá þjónustu sem þar er veitt.

Þegar á heildina er litið gefa niðurstöður til kynna ánægju ráðgjafa og notenda Atvinnutorga með verkefnið sem úrræði fyrir atvinnulaus ungmenni á aldrinum 16 til 25 ára, en atvinnuleysi síðustu ára hefur verið einna mest hjá þessum hópi (Hagstofa Íslands, 2013). Því mætti ætla að Atvinnutorg sé þarft úrræði fyrir þennan aldurshóp þar sem komið er til móts við notandann þar sem hann er staddur hverju sinni, honum veitt hvatning og hjálp við að komast í virkni.

Samantekt

Atvinnutorg í Reykjavík

Samkvæmt tölulegum upplýsingum frá Atvinnutorgi í Reykjavík voru 226 notendur á torginu árið 2012. Í lok ársins voru 58% þeirra hættir í verkefninu og um 40% hættir til að fara í starf á vinnumarkaði eða til að hefja nám. Af notendum Atvinnutorgsins 2012 svöruðu um 54% þeirra könnuninni. Alls 44% þátttakenda voru í starfi eða námi þegar rannsókn var gerð. Um 77% þátttakenda voru ánægðir eða mjög ánægðir með þjónustuna sem þeir fengu á Atvinnutorgi og 94,2% voru ánægðir eða mjög ánægðir með atvinnuráðgjafann sinn. Alls 91% þátttakenda myndu mæla með Atvinnutorgi við vini sína ef þeir væru í atvinnuleit. Samkvæmt ofangreindum niðurstöðum virðist Atvinnutorg í Reykjavík hafa náð góðum árangri árið 2012 og notendur eru að öllu jöfnu ánægðir með torgið.

Atvinnutorg í Reykjavík virðist að mestu leyti hafa staðist þau markmið og hlutverk sem koma fram í minnisblaði ráðherra frá 28. október 2011 varðandi Atvinnutorg. Eins og fram hefur komið eru um 71% tilvísana inn á torgið frá Velferðarsviði Reykjavíkur. Boðið er upp á ýmis úrræði sem og daglega mætingu, viðtöl og ráðgjöf sem ætti að auka virkni ungmennanna. Einnig er notendum boðið upp á úrræði þeim til hagsbóta svo sem starfsþjálfun hjá sveitarfélagi eða á almennum vinnumarkaði, námstengd úrræði, áfengis- og vímuefna meðferð, sálræna meðferð og starfsendurhæfingu.

Hvað samstarf og samfellu í þjónustu Vinnumálastofnunar og Velferðarsviðs Reykjavíkur varðar, virðist samkvæmt viðmælendum, að notendur sem koma frá Velferðarsviði hafi fleiri tækifæri til starfstengdra úrræða en þeir sem koma frá Vinnumálastofnun. Einnig virðist úrræðaleysi, hvað starfsþjálfun varðar, vera til staðar fyrir notendur á aldrinum 16 til 17 ára. Hins vegar hafa allir notendur jafnan aðgang að öðrum úrræðum torgsins.

Notendur koma á Atvinnutorgið með tilvísun frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Vinnumálastofnun og Fjölsmiðjunni sem eru samkvæmt kröfulýsingu Atvinnutorgs í Reykjavík árið 2012 skilgreindir tilvísunaraðilar. Svo virðist sem Atvinnutorgið sé ekki í samvinnu við aðila í samfélaginu svo sem skóla til að hægt sé að ná inn þeim einstaklingum sem eru ekki í skóla, vinnu né hafa sótt um fjárhagsaðstoð. Til að ná því markmiði væri gagnlegt að benda skólum borgarinnar á að upplýsa ungmenni sem hætta námi á starfsemi Atvinnutorgs sem mögulega lausn fyrir þau. Mikilvægt er að auka samstarf og samfellu í þjónustu fyrir ungmenni í brottfallshættu og/eða utan kerfa.

Atvinnutorg í Kópavogi

Samkvæmt tölulegum upplýsingum frá Atvinnutorgi í Kópavogi voru 83 notendur á torginu árið 2012. Í lok ársins voru um 42% þeirra hættir í verkefninu og af þeim voru 23% hættir til að fara í starf á vinnumarkaði eða til að hefja nám. Af notendum Atvinnutorgsins 2012 svöruðu um 24% þeirra könnuninni, það er 20 þátttakendur. Um 20% notenda vildi ekki taka þátt, en það er hæsta hlutfall allra torga. Ástæðan var gjarnan sú að þeirra sögn, að þeir hefðu lítið verið á torginu og gætu því ekki svarað. Vegna þessa geta niðurstöður í Kópavogi verið skekktar og varhugað að álykta út frá þeim.

Alls 70% þátttakenda voru í starfi eða námi þegar rannsókn var gerð, sem stangast töluvert á við tölulegar upplýsingar frá torginu. Um 50% þátttakenda voru ánægðir eða mjög ánægðir með þjónustuna sem þeir fengu á Atvinnutorgi og um 75% voru ánægðir eða mjög ánægðir með atvinnuráðgjafann sinn. Alls 75% þátttakenda myndu mæla með Atvinnutorgi

við vini sína ef þeir væru í atvinnuleit. Tölulegu upplýsingarnar virðast benda til þess að árangur Atvinnutorgs í Kópavogi sé minni en á hinum torgunum. Hins vegar var hæst hlutfall þátttakenda í starfi eða námi af öllum torgunum. Ánægja þátttakenda í Kópavogi er einna minnst með Atvinnutorgið almennt og hlutfallslega fæstir, miðað við hin torgin, myndu mæla með því við vini sína.

Atvinnutorg í Kópavogi virðist að hluta til hafa staðist þau markmið og hlutverk sem koma fram í minnisblaði ráðherra frá 28. október 2011 varðandi Atvinnutorg. Eins og fram hefur komið voru um 55% tilvísana inn á torgið frá velferðarsviði Kópavogsbæjar. Hvað virkni varðar þá mæta notendur í takmörkuðum mæli á Atvinnutorg og lítið úrval úrræða var í boði árið 2012. Samkvæmt viðmælanda eru fáir og einhæfir starfsþjálfunarsamningar í boði sem henta ekki öllum notendum. Engir starfsþjálfunarsamningar voru gerðir við aðila á almennum vinnumarkaði né við ríkið árið 2012. Vert er að benda á að sex vikna virkniámskeið var sett á laggirnar í desember 2012 og með því mætti gera ráð fyrir að Atvinnutorgið sé í dag betur í stakk búið til að auka virkni notenda sinna.

Hvað samstarf og samfellu í þjónustu Vinnumálastofnunar og velferðarsviðs Kópavogsbæjar varðar virðist, samkvæmt viðmælanda, að unnið sé eins með alla notendur Atvinnutorgs, óháð tilvísunaraðila.

Notendum getur verið vísað inn á Atvinnutorgið af Vinnumálastofnun og velferðarsviði Kópavogsbæjar. Notendur geta einnig komið inn á torgið af sjálfsdáðum eða vegna ábendinga frá forráðamanni. Viðmælandi greindi frá því að starfsemi Atvinnutorgs hafi verið auglýst í bæjarblaði Kópavogs í mars 2012 með sérstökum skilaboðum um þjónustu við ungmenni á aldrinum 16-18 ára. Í kjölfar hennar virtust tilvísanir utan úr bæ, sérstaklega frá foreldrum, skila sér. Mikilvægt er að efla slíkar aðgerðir, sem og auka samstarf við skóla sveitarfélagsins til að ná til sem flestra atvinnulausra ungmenna.

Atvinnutorg í Hafnarfirði

Samkvæmt tölulegum upplýsingum frá Atvinnutorgi í Hafnarfirði voru 90 notendur á torginu árið 2012. Í lok ársins voru um 73% þeirra hættir í verkefninu og um 54% hættir til að fara í starf á vinnumarkaði eða til að hefja nám. Af notendum Atvinnutorgsins 2012 svöruðu um 46% þeirra könnuninni. Alls 49% þátttakenda voru í starfi eða námi þegar rannsókn var gerð. Um 86% þátttakenda voru ánægðir eða mjög ánægðir með þjónustuna sem þeir fengu á Atvinnutorgi og um 77% voru ánægðir eða mjög ánægðir með atvinnuráðgjafann sinn. Alls 93% þátttakenda myndu mæla með Atvinnutorgi við vini sína ef þeir væru í atvinnuleit.

